
GRÖF OG DAUÐI:

SKÝRSLA UM VETTVANGSRANNSÓKNIR SUMARIÐ 2011



HÖFUNDUR:
ORRI VÉSTEINSSON

MEÐ VIÐAUKA EFTIR
MAGNÚS Á. SIGURGEIRSSON

REYKJAVÍK 2012
FS490-11141





Ljósmynd á forsíðu er frá Eystri Brú í landi Árbótar í Aðaldal, horft til suðurs yfir skurð 3 sem er suðaustan í bæjarhólnum. Fljótsheiði í baksýn.

©2012
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

Sími: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur</i>	4
<i>Niðurstöður vettvangsrannsóknna:</i>	7
<i>Raufarhóll í landi Vindbelgjar, Mývatnssveit</i>	10
<i>Arnarvatn, Mývatnssveit</i>	13
<i>Hofstaðir í Mývatnssveit</i>	15
<i>Kirkjubúfur í landi Stangar í Mývatnssveit</i>	18
<i>Víðatóft við Másvatn</i>	21
<i>Þyrilshóll í landi Máskots í Reykjadal</i>	24
<i>Daðastaðgerði (Lyngbrekka) í Reykjadal</i>	26
<i>Hólar í Reykjadal</i>	27
<i>Öndólfstaðir í Reykjadal</i>	34
<i>Halldórsstaðir í Reykjadal</i>	35
<i>Einarsstaðir í Þegjandadal – kumlateigur</i>	36
<i>Einarsstaðir í Þegjandadal – kirkjugarður</i>	39
<i>Eystri Brú í landi Árbótar í Aðaldal</i>	41
<i>Höfðagerði í Aðaldal</i>	47
<i>Hafrælukur í Aðaldal (með Garði og Ytra Fjalli)</i>	49
<i>Húsavík</i>	52
<i>Svínadalur í Kelduhverfi</i>	52
<i>Valþjófsstaðir í Núpasveit</i>	56
<i>Vaðnes í Grímsnesi</i>	57
<i>Heiðarbær í Þingvallasveit</i>	58
<i>Samantekt og niðurstöður</i>	60
<i>English summary</i>	63
<i>Heimildir</i>	64
<i>Viðauki:</i>	
Magnús Á. Sigurgeirsson:	
<i>Fornleifarannsóknir í Suður-Þingeyjarsýslu sumarið 2011.</i>	
<i>Gjóskulagarannsókn</i>	66

Inngangur

Verkefnið Gröf og dauði á Íslandi í 1150 ár hefur það markmið að varpa ljósi á grafsið á Íslandi með heildstæðum hætti, ekki sem tvö ólík viðfangsefni (heiðinn og kristinn grafsiður) heldur sem eitt og sama fyrirbærið með áherslu á að skilja hvernig gröfum var fundinn staður í landslaginu. Höfuðlínur í þessu efni teljast nokkurnveginn sæmilega þekktar (sbr. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 2011) en verkefninu er ætlað að varpa ljósi á það sem óvíst er, annarsvegar um tíðni og staðsetningu bæði kumlateiga og kristinna grafreita en líka um þær grafir sem ekki verða tengdar öðrumhvorum flokknum. Vettvangshluta verkefnisins er ætlað að varpa ljósi á þessi atriði og má skipta markmiðunum í þrennt:

- Að þróa áfram aðferðir til að bera kennsl á kumlateiga.
- Að þróa áfram aðferðir til að bera kennsl á kristna grafreiti
- Að rannsaka skipulega mannabeinafundarstaði sem ekki verða augljóslega flokkaðir sem kuml eða kristnir grafreitir og þróa skilning á þeim.

Að fyrsta markmiðinu hefur Adolf Friðriksson unnið undanfarinn áratug (Adolf Friðriksson 2004a, 2004b, 2009; Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 2011) og hefur hann sett fram tilgátur sem hægt er að prófa um hvar kumlateiga sé að leita. Vettvangsrannsóknir sumarið 2011 miðuðu m.a. að því að láta reyna á þessar tilgátur með því að

- a) rannsaka meintar byggðaleifar í tengslum við þekktan kumlfund (Raufarhóll)
- b) rannsaka mannabeinafundarstaði sem gætu verið kuml (Víðatóft, Öndólsstaðir, Halldórsstaðir, Hafralækur, Svínadalur)
- c) rannsaka yfirborðsummerki (hvompur af mismunandi gerðum, þústir, grjóthrúgur og steinlagnir) sem gætu bent til kumlateiga (Hofstaðir, Þyrilshóll, Einarstaðir, Eystri Brú, Heiðarbær)
- d) rannsaka fundarstaði gripa sem gætu verið haugfé til að leggja mat á hvort þeir séu líklegir kumlastaðir (Arnarvatn)

Skráning bænhusa og kirkna hefur verið stunduð um árabil, bæði sem hluti af reglulegri skráningu (sjá t.d. umræðu í Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstj. 2008, 194-200) en líka sem sérstök verkefni (t.d. Stefán Ólafsson 2011; Guðný Zöega og Guðmundur St. Sigurðarson 2010). Aðferðirnar sem beitt er við þetta eiga það sammerkt að þær styðjast mest við ritheimildir um bænhus eða kirkjur þó einnig séu skráðir staðir þar sem kristnir grafreitir hafa komið í ljós eða

örnefni benda til guðshúsa. Bænhús og/eða kirkjur innan hringlaga garðs eru vel þekkt form en ekki hefur verið látið reyna á:

- a) hvort einhver tilbrigði gætu verið við þau (Kirkjubúfur, Eystri Brú, Höfðagerði, Svínadalur, Vaðnes)
- b) hvort slík form bendi áreiðanlega alltaf til kristinnar greftrunar (Einarsstaðir)

Einnig er í verkefninu sérstök áhersla lögð á að rannsaka staði þar sem kirkjur, bænhús og/eða kristnir grafreitir gætu hafa verið utan túns (Valþjófsstaðir, Vaðnes).


Þá voru skoðaðir óflokkaðir mannabeinafundarstaðir (Öndólsstaðir, Halldórsstaðir, Hafralækur) til að leggja mat á hvers eðlis þeir væru.

Að endingu er hér einnig greint frá vísbendingum sem komu í ljós um kristinn grafreit (Daðastaðgerði), mannabeinafundi (Garður í Aðaldal, Húsavík) og mögulegan kumlastað (Ytra Fjall) en seinni þrjá staðina á eftir að rannsaka betur.

Þegar velja á rannsóknarstaði fyrir verkefni sem þetta er af nógu að taka. Ákveðið var að í fyrsta áfanga 2011 skyldi áhersla lögð á það svæði sem rannsóknarmaður þekkir best; Mývatnssveit, Reykjadal og Aðaldal en það helgaðist einnig af því að hægt var að samnýta húsnaði og bifreiðar með öðrum verkefnum á svæðinu á sama tíma (uppgreftir á Ingiríðarstöðum, Hofstöðum og Skútustöðum). Hefðbundin skráning hefur þegar farið fram á stórum hluta þessa svæðis og við hana komu ýmsar upplýsingar í ljós sem hægt var að fylgja eftir en einnig hefur kumlaleit verið stunduð lengur og þéttar á þessu svæði en flestum öðrum og því óvída jafngóðar aðstæður til að draga fram heildarmynd af grafsið og þróun hans.

Vettvangsvinna fyrir norðan fór fram dagana 28. júní til 15. júlí en í Árnessýslu voru tveir staðir til viðbótar skoðaðir 25. ágúst 2011. Einn af stöðunum sem hér er greint frá, Halldórsstaðir í Reykjadal, var athugaður sumarið 2010 sem hluti af reglulegri bænhúsaskráningu en þar sem ekki hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðunum áður og þær falla vel að markmiðum þessa verkefnis eru þær birtar hér.

Skýrsluhöfundur gróf alla skurðina sem hér er greint frá en auk hans aðstoðuðu Uggi Ævarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson við ofanímokstur. Þeim eru færðar bestu þakkir sem og landeigendum og öðrum heimildamönnum, kollegum og samstarfsfólki í Hafralækjarskóla og Oddgeiri Hanssyni sem útbjó stafrænar útgáfur af línuteikningum.



Mynd 1. Rannsóknarstaðir í Suður Þingeyjarsýslu


Niðurstöður

Grafnir voru 24 skurðir á 12 stöðum en auk þess voru 7 staðir athugaðir á vettvangi án þess að uppgröftur færi fram. Til viðbótar er tveggja mannabeinafundarstaða getið hér sem ekki hafa verið skoðaðir á vettvangi.

Niðurstöðurnar eru teknar saman í töflunni hér að neðan en ítarlegri greinargerð um hvern stað fylgir að neðan.

Staður / skurður	Viðfang / vísbending	Niðurstaða	Hnit
Raufarhóll – skurður 1	Aflöng tóft	Skáli fallinn fyrir 1104	65°37.563 N 17°01.184 V
Raufarhóll – skurður 2	Dæld	Engin ummerki	65°37.581 N 17°01.173 V
Arnarvatn	Spjót fannst 1883	Staðsetning afmörkuð – mögulegt kuml	65°34.996 N 17°07.854 V
Hofstaðir – skurður 1	3 gryfjur	Ruslaholur frá 19.-20. öld – ekki kuml	65°36.462 N 17°09.691 V
Hofstaðir – skurður 2	Dæld	Tóft eldri en 1477 – ekki kuml	65°36.468 N 17°09.682 V
Hofstaðir – skurður 3	Dæld	Veggur byggður milli 1104/58 og 1477 – ekki kuml	65°36.481 N 17°09.665 V
Hofstaðir – skurður 4	Dæld	Engin ummerki	65°36.486 N 17°09.661 V
Kirkjubúfur – skurður 1	Örnefnið – hringlaga þúfnakragi	Mannvist milli 1477 og 1717 – ekki kirkja	65°33.786 N 17°14.262 V
Víðatóft – skurður 1	Mannabeinafundur	Niðurgroftur – líklega 2 kuml	65°37.490 N 17°14.797 V
Þyrlshóll – skurður 1	Steinaröð	Engin merki um greftrun	65°39.276 N 17°17.051 V
Daðastaðgerði	Mannabeinafundur	Staðsetning afmörkuð – líklegur kirkjugarður	65°41.509 N 17°21.384 V
Hólar – skurður 1	Tóft í Kirkjulaut	Skepnuhús yngra en 1477, mannvist þar undir – ekki kirkja	65°43.309 N 17°21.957 V
Hólar – skurður 2	Mannabeinafundur	Garðlag eldra en 1477 – líklegur kirkjugarður	65°43.267 N 17°21.811 V
Hólar – skurður 3	Jaðar meints kirkjugarðs	Mannvistarlög langt undir 1104	65°43.265 N 17°21.795 V
Öndólfssstaðir – skurður 1	Mannabeinafundur	Mannvist undir 1300 – ekki kirkjugarður	65°44.854 N 17°23.058 V
Halldórsstaðir	Mannabeinafundur	Staðsetning	65°45.698 N

		afmörkuð – mögulegt kuml	17°23.160 V
Einarsstaðir – kumlateigur – skurður 1	Dældir	Niðurgröftur – líklega 2-3 kuml	65°46.375 N 17°21.503 V
Einarsstaðir – kirkjugarður – skurður 1	Hringlaga gerði með tóft í miðju	Engin ummerki um greftrun	65°46.484 N 17°21.460 V
Eystri Brú – skurður 1	Hringlaga gerði	Engin ummerki um greftrun	65°54.080 N 17°24.959 V
Eystri Brú – skurður 2	Hár hóll utan túns	Engin ummerki	65°54.117 N 17°25.168 V
Eystri Brú – skurður 3	Tóft í jaðri bæjarhóls	Tóft yngri en 1477, mannvist langt niður fyrir 1300 – engar vísbendingar um hlutverk	65°46.375 N 17°21.503 V
Eystri Brú – skurður 4	Dældir við Laxá	Engin ummerki	65°54.171 N 17°25.339 V
Höfðagerði – skurður 1	Sporöskjulaga gerði	Ummerki um ræktun en ekki greftrun	65°35.662 N 17°26.515 V
Höfðagerði – skurður 2	Hringlaga gerði	Engin ummerki um greftrun	65°55.671 N 17°26.604 V
Hafralækur	Mannabeinafundur	Staðsetning afmörkuð – mögulegt kuml	65°52.243 N 17°25.799 V
Garður	Mannabeinafundur	Frekari rannsókn fyrirhuguð	
Ytra Fjall	Dys	Staðsetning afmörkuð – frekari rannsókn fyrirhuguð	65°51.630 N 17°26.673 V
Húsavík	Mannabeinafundur	Frekari rannsókn fyrirhuguð	
Svínadalur – skurður 1	Örnefnið Kirkjuhóll – hringlaga gerði með tóft í miðju	Tóftin yngri en 1717, en mannvist hefur verið á 10.-11. öld – ekkert sem bendir til kirkju	65°54.521 N 16°32.397 V
Svínadalur	Mannabeinafundur	Staðsetning afmörkuð, steinaröð – líklegt kuml	65°54.424 N 16°32.615 V
Valþjófsstaðir	Bænhús utan túns	Staðsetning afmörkuð – líklegur kirkjugarður	65°14.077 N 16°25.570 V
Vaðnes	Bænhús utan túns	Fornleifar óaðgengilegar	64°00.609 N 20°51.012 V
Heiðarbær í Þingvallasveit – skurður 1	Dys	Engin ummerki um greftrun	64°12.075 N 21°13.417 V
Heiðarbær í Þingvallasveit – skurður 2	Dys	Engin ummerki um greftrun	64°12.070 N 21°13.433 V



Mynd 2. Staðsetning Raufarhóls miðað við næstu bæi, kumlateiga og núverandi landamerki (ónákvæm). Mynd af Kortasjá Landmælinga Íslands.

Raufarhóll í landi Vindbelgjar, Mývatnssveit

Raufarhóll er í landi Vindbelgjar í Mývatnssveit, úti við vatnið um 1,2 km norðan við bæinn (Mynd 2). Gripir sem Kristján Eldjárn taldi úr kumli og komu til Þjóðminjasafnsins 1902 eru taldir hafa fundist norðanmegin í Raufarhóli, í rofi við vatnsbakkann (Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 1998, 64; Adolf Friðriksson pers. comm.). Þarna fannst spjót, gjarðahringja og 11 járnaglar (Kristján Eldjárn 2000, 198). Tún hefur verið sléttað uppi á hólnum og verður kumlstæðið nú ekki staðsett nákvæmlega en aðstæður þarna eru mjög áþekkar og á Kumlabrekku við Geirastaði (þar sem forkönnun sumarið 2010 sýndi að eru kuml – skýrsla óbirt), flatur stallur utan í gjallhóli í hvarfi frá bænum.

Kumlið gæti verið frá Vindbelgi en einnig hefur lengi leikið grunur á að tóftir sunnan í Raufarhóli gætu verið af bæ. Að sögn Jóns Aðalsteinssonar í Vindbelgi kom Kristján Eldjárn á þennan stað og taldi að tóftin væri af fornum bæ og gæti hann hafa grafið skurð í hana en engin merki sjást um slíkt nú.


Til að skera úr um hvort tóftirnar gætu verið af bæ sem kumlið tilheyrði var grafinn




Mynd 3. Loftmynd í betri upplausn sem sýnir skálann og afstöðu hans við fundarstað kumlsins. Mynd: © Fasteignaskrá Íslands / Loftmyndir ehf 2009.

skurður í tóftina 28. júní 2011. Tóftin er þrískipt (Mynd 4). Stærsta hólfið er 17x5-6 m að innanmáli, með sveigðum langveggjum og dyrum til suðurs heldur austar en á miðjum vegg. Við vesturendann er lítið hólfið með eigin dyr til norðurs, um 3x2 m að innanmáli, en samhliða stærsta hólfinu er annað 12x3 m sem nær ekki eins langt til vesturs og stærsta hólfið og virðist vera opið til austurs. Mögulega hefur verið innangengt á milli hólfa úr NA horni stærsta hólfsins. Tóftin er uppi á hól og hallar niður af til allra átta nema vesturs og aflöngu tóftirnar tvær halla lítillega til austurs, sú nyrðri heldur meir. Veggir eru 2-3 m á þykkt og mest um 1 m háir.


Skurðurinn var tekinn í stærsta hólfið, sunnan megin í því um þriðjung vegar frá vesturgafli, 2 m vestan við dyrnar, og náði hann frá miðju gólfi upp á vegg. Hann var 3x0,8 m og var vestursniðið teiknað (Mynd 5). Í miðju húsi var komið niður á aðflutta blágrýtissteina og ösku [009b] í kringum þá sem gæti tilheyrt eldstæði, en ekki var skýr langeldslögun á því. Í kring var svart 2-3sm þykkt kolagólf [009] með ösku, mjög smáum viðarkolum og stöku brenndu beini en engin óbrennd. Gólfið var fremur mjúkt og hefur myndast beint ofan á vikrinum. Gólfið stöðvaðist við um 0,2 m háa brún á seti [007] en ofan á því var torfhrun [006] og neðst í því örþunnt lífrænt lag sem sást ágætlega í plani en illa í sniði. Í því næst veggnum var heill snældusnúður úr klébergi 4 sm í þvermál og ágætlega gerður (mynd 7). Setið var um 1,1 m breitt og e.t.v heldur breiðara því torfveggurinn [005]



Mynd 4. Skálinn á Raufarhóli með staðsetningu Skurðar 1.



Mynd 5. Vesturnsið Skurðar 1. [001]: Grasrót. [002]: V-1477. [003]: Dökkbrúnt áfok. [004]: Ljósbrúnt áfok, H-1300 efst. H-1104 er neðarlega í þessu lagi í austursniði. [005]: Torfveggur með grjóti, V~940 í torfinu. [006]: Torfhrun. [007]: Skurður. [008]: Torfhrun. [009]: Gólf. [009b]: Aska, sennilega frá eldstæði. [010]: Náttúrulegt, vikur.



Mynd 6. Grunnmynd skurðar 1. [005]: Torfveggur með grjóti, V-940 í torfinu. [009]: Gólf. [009b]: Aska, sennilega frá eldstæði. [010]: Náttúrlegt, vikur. [011]: Uppmökstur, vikur.

húsið féll úr notkun og fram undir 1300 en að hægt hafi verulega á eftir það. V-940 er í torfi veggjarins og er skáli þessi því frá því milli 940 og 1104 en þar að auki benda bæði lögun hans og snældusnúðurinn sterklega til víkingaaldar og verða að teljast verulegar líkur á að húsið sé samtíða kumlinu. Öruggt er að húsið hefur verið mannabústaður og snúðurinn auk byggingarlagsins benda til að þetta hafi verið heilsársbústaður fremur en sel eða útstöð af einhverju tagi. Hinsvegar er líklegt að þessi bær hafi ekki verið langær og hefur e.t.v. aðeins verið búið þarna í nokkur ár og í mesta lagi nokkra áratugi.

Tóftin er á dálitlum hrygg en norðan við hann er djúp laut og vatnsstæði en þar norðan við eru fjórar fremur reglulegar dokkir sem einnig hafa taldar vera tóftir. Tekinn var 0,5x0,5

virðist hafa sigið inn á við. Hann var hlaðinn innan á kjarna úr vikri, sennilega uppmokstri úr miðgangi hússins en það mátti helst merkja af því að vikurinn var moldarlitaðri þar en annarsstaðar. Tveir steinar voru efst í vegghleðslunni, annar aðfluttur úr blágrýti.

A-lagið, gjóska frá 1477 [002] er yfir allri tóftinni, en 5-6 sm undir því er H-1300 og má rekja það nokkurnveginn samfelldt en H-1104 sást einnig 1-2 sm yfir torfhruni í kverkinni við setið.. Milli H-1300 og torfhrunslaga ofan á seti [006] og gólfi er 5-10 sm þykkt áfokslag [004], mun ljósara en áfokið milli 1300 og 1477 eða þar yfir og bendir það til að uppblástur hafi verið töluverður eftir að



**Mynd 8. Kolagólf í norðurenda Skurðar 1.
Horft til vesturs**

**Mynd 7. Snældusnúður úr klébergi sem fannst
á seti skálans**

m skurður í botn þeirrar dýpstu til að kanna hvort þetta væri mannvirki og reyndist svo ekki vera. Á stærsta hluta Raufarhóls er nú tún og gætu aðrar tóftir sem tilheyrðu þessum bæ því hafa verið sléttaðar en tæplega hafa þær verið miklar eða áberandi því Jón í Belg, sem sléttaði túnið, var meðvitaður um að varðveita þennan minjastað.

Arnarvatn, Mývatnssveit

Árið 1883 afhenti Jón Sigurðsson á Gautlöndum Þjóðminjasafninu spjót (Þjms. 2393) af Hgerð sem hafði fundist „í moldarbakka” í landareign Arnarvatns en engar frekari vitneskja var skráð um staðsetninguna (Kristján Eldjárn 2000, 339). Spjótið er af víkingaöldargerð og því mögulega úr kumli.

Að sögn Vilborgar Friðjónsdóttur (f. 1925) fannst spjótið í svokölluðum Maðkaveitupúfum en þær voru um 130 m NNV við bæinn (sem stóð þar sem nú eru nokkur birkitré og kálgarður vestan við íb.hús á Arnarvatni II) en ekki er vitað hvar nákvæmlega í þeim (sbr. Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 1998, 35). Hólmfríður Jónsdóttir (f. 1951) man eftir stórum þúfum á þessu svæði um 1960 en seinna voru þær sléttaðar undir tún. Í maðkaveitunni voru gripaskrokkar grafnir til að ala maðk. Þessi staður er á lágu hrygg í dæld milli hólanna sem íbúðarhúsin á Arnarvatni II og Arnarvatni I standa á en hann endar í tveimur hólum vestur við Arnarvatnsá. Þúfurnar voru heldur austar og þær sem Hólmfríður man eftir voru norðan í hryggnum. Þó þetta svæði virðist ekki hafa verið slegið um miðja 20. öld er það innan túns eins og það er sýnt á túnakorti frá 1919. Engar augljósar leiðir geta hafa



Mynd 9. Afstaða spjótfundarins við tún og bæjarhól á Arnarvatni. Mynd: © Fasteignaskrá Íslands / Loftmyndir ehf 2009.

legið um þennan hluta túnsins en aðkoma að bænum getur hafa breyst í aldanna rás eftir því sem Arnarvatnsá breytti um farveg, en áður en stífla var sett við afrennslið við Laxá var oft mun meira í henni og hún rann víðsvegar um Arnarvatnsey.

Ef spjótið er úr kumli og það hefur ekki færst langt frá upprunalegum stað þegar það fannst þá er þetta e.t.v. áþekkt staðsetning og á Gautlöndum, innan túns en þó spölkorn frá bæ.

Vísbending er um bænhús á Arnarvatni en skv. máldaga Skútustaðakirkju frá 1394 var ekki greiddur ljóstollur eða heytollur frá Arnarvatni til Skútustaðakirkju eins og frá öðrum bæjum í sókninni (DI III, 557) og bendir það til að á Arnarvatni hafi verið bænhús eða kirkja sem hélt tollum heimamanna þar. Ekki er vitað hvar það gæti hafa staðið og ekki er vitað til að mannabein hafi komið í ljós í landareigninni.



Mynd 10. Skurðirnir fjórir sem grafnir voru sumarið 2011 miðað við aðra rannsóknarstaði í Hofstaðatúni. Mynd: © Fasteignaskrá Íslands / Loftmyndir ehf 2009.

Hofstaðir í Mývatnssveit

Á Hofstöðum í Mývatnssveit hefur lengi verið leitað að kumlum án árangurs. Sumarið 2011 tók Hildur Gestsdóttir sem stjórnar uppgrefti í kirkjugarðinum, eftir dældum sem líkjast rændum kumlum á neðsta hjallanum í hlíðinni austan við túnið, innan túngarðsins mikla. Ásmundur Jónsson á Hofstöðum (f. 1936) kann ekki skýringar á neinum af þessum dældum.


Vettvangsathugun fór fram 13. júlí 2011. Syðst eru þrjár gryfjur sem allar eru um 1 m í þvermál og 0,5 m djúpar (skurður 1). Um 2-2,5 m eru á milli þeirra og mynda þær þríhyrning. Skóflustunga var tekin í þá vestustu og sýndi hún að gryfjan er nýleg, með dýrabeinum og hvítglerjuðum jarðleir, frá 19. eða 20. öld.

Norðar, eða 4 m vestan við garðshorn sem er áberandi í hlíðinni austan við kirkjugarðinn (ekki skráð 1996 en bætt á fornleifaskrá jarðarinnar nú) er dæld eða lítil tóft (skurður 2), 2x1,5 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. 0,7x0,5 m skurður sýndi að V-1477 er



Mynd 11. Tóft fyrir uppgröft á skurði 2 á Hofstöðum úr norðaustri. Uppgröftur í kirkjugarði í baksýn.

yfir vegghleðslu og fellur ofan í dældina en sést ekki ofan í henni sjálfri. Ofan í dældinni, um 15 sm undir yfirborði er ljósgrátt viðar- og móöskulag með kolum en undir því 20-30 sm þykkt lag af torfhruni/uppmokstri en það er ofan á stórri hellu sem væntanlega er í gólfi þessa mannvirkis. Neðar var ekki grafið enda ljóst að þetta er ekki kuml. Mannvirki þetta er með




Mynd 12. Vestursnið skurðar 2 á Hofstöðum. [001]: Grasrót. [002]: V-1477. [003]: Áfok. [004]: Torfveggur. [005]: Ljósgrátt viðar- og móöskulag með viðarkolum. [006]: Uppmokstur og torfhrun ofan á hellu.

upphlöðnum veggjum (a.m.k. að sunnan og vestan; það gæti verið grafið inn í hlíðina að norðan og austan) og hellugólfi og hefur haft a.m.k. tvö notkunarskeið, hið síðara hugsanlega eftir að húsið var fallið.

28 m NNA við skurð 2 er aflöng dæld, um 2x1 m og snýr NNV-SSA (skurður 3). Grafinn var 1,4x0,7 m skurður þvert yfir dældina. Í henni sést austanmegin nálega 0,5 m hár torfveggur og liggur V-1477 þétt upp að honum bæði að ofan og meðfram hliðinni. Veggurinn hefur bungað út þegar

Skurður 3. Norðursnið




Mynd 13. Norðurnsið skurðar 3 á Hofstöðum. [001]: Óhreyft með H3 og H4. [002]: Lítillega hreyft áfokslag. [003]: Torfhrun. [004]: Torfveggur, H-1104/58 mögulega í torfi. [005]: Áfok. [006]: V-1477. [007]: Grasrót.

lagið féll og hefur það safnast í þykkan bunka í kverkinni neðst. Mögulegt er að H-1104/58 sé í torfi í veggnum en annars ber þar mest á svörtu lögunum í LNS. Veggurinn er hlaðinn ofan á jöfnunarlag, víðast um 10 sm þykkt en þynnist út til vesturs. LNS hefur verið skorin burt á þessum stað áður en jöfnunarlagið var sett niður. Ekkert sést á yfirborði sem gefur til kynna lögun þessa mannvirkis þó ógreinilega móti fyrir austurhlið veggjarins á móts við dældina (sem í raun er bil milli veggjar og þúfu). Veggur þessi er hlaðinn ekki löngu fyrir 1477 því nánast ekkert hefur hrunið úr honum áður en gjóskan féll. Hann hefur hinsvegar verið aðeins 0,5 m hár þá og því varla alveg nýhlaðinn. Hann gæti verið frá 14. öld eða fyrri hluta þeirrar 15.

6 m norðan við skurð 3 er önnur aflöng dæld, 1,5x1 m og snýr hún norður-suður. Skóflustunga í austurhlið sýndi að dældin er náttúruleg. Mögulega er smáhreyfing á moldinni undir V-1477 en öll gjóskulögin, bæði söguleg og forsöguleg, fylgja dældinni. Forsögulegu lögin, einkum LNS, eru talsvert frostverkuð.


Í hlíðinni ofan við Hofstaðatúnið eru því tvö áður óþekkt mannvirki frá miðöldum og auk þess ruslaholur frá 19. eða 20. öld en Hofstaðakumlin eru hinsvegar enn ófundin.



Mynd 14. Staðsetning Kirkjubúfna miðað við núverandi bæjarstæði og mögulegt eldra gerði sem það er byggt á. Loftmynd af GoogleEarth.

Kirkjubúfur í landi Stangar í Mývatnssveit

Samkvæmt örnefnaskrá Stangar heita Kirkjubúfur um 140 m norðaustan við bæinn en engin skýring fylgir nafninu. Ein möguleg skýring gæti verið að þarna hefði verið vegakapella á miðöldum. Staðurinn var skráður 1996 (Orri Vésteinsson 1996, 64-65) og hefur ekkert breyst síðan þá. Kirkjubúfur eru sporöskjulaga þúfnakragi sem hefur verið um 18x16 m að stærð (lengri A-V) en syðri hluti hans hefur verið sléttaður undir tún og sést aðeins sem aflíðandi hækkan. Engin merki eru um garð og ytri mörk kragans eru ekki regluleg. Heldur norðan og austan við miðju kragans, þar sem hann er hæstur, um 1,5 m hærri en móinn í kring, eru fjórir stórir blágrýtissteinar, þrír þeirra í röð frá norðri til suðurs. Staki steinninn er stærstur og er mælingamerki úr bronsi steyp í hann. Ekkert tóftarlag er á þessu en hæsti hluti Kirkjubúfna er u.þ.b. 7x7 m að stærð. Djúpar götur liggja þvert yfir Kirkjubúfur frá austri til vesturs, fast




Mynd 15. Kirkjubúfur með staðsetningu skurðanna.

sunnan við steinana.

Ásmundur (f. 1938) og Sigurður Kristjánssynir (f. 1941) á Stöng þekkja báðir Kirkjubúfur en engar skýringar á nafninu en langafi þeirra, Kristján Jónsson hóf búskap á Stöng 1870. Einasta er vitað að Kirkjubúfur voru leiksvæði barna á fyrsta fjórðungi 20. aldar.


Grafnir voru 2 skurðir, A og B, þann 29. júní 2011. A er 2,3 m langt snið í götubakka sem var rétt af og dýpkað um eina skóflustungu (Mynd 15). Það snýr A-V, til austurs frá syðsta steininum í röðinni. B er 2,3 m norðar, 1,2x0,7 m og snýr N-S. Í báðum eru mörg gjóskulög og mjög úr lagi færð en mest virðist það vera náttúrulegt vegna frostverkunar. Í B er mögulega niðurgroftur en áreiðanlega í A og er það óreglulegt en yngra en 1477. Neðst í því ([002]) er smáræði af torfi en ekki nóg til að tala um hleðslu og aðallega virðist þarna vera haugur af ýmiskonar torfsambreyskingi og uppmokstri ofan í óreglulegri gryfju. V-1477 er líka undir einum af steinunum en V-1717 er yfir hinum hreyfðu lögum (neðst í [003]).

Steinarnir eru þeir einu á þessum slóðum og áreiðanlega dregnir að því hvergi er grjót í mýrunum í kringum Stöng og allt byggingagrjót langt að fengið. Það er því ekki að efa að



Mynd 16. Norðursnið skurðar A í Kirkjubúfur. [001]: Náttúrulegt með H3, LNS og V-1477 en allt mjög gengið til vegna frostverkunar. [002]: Torfblendingur með uppmokstri samanvið. Lagskipting er sjáanleg en stærri hnausar neðatil í austurhluta en uppmokstur ofantil. [003]: Græsrot.

Kirkjubúfur eru mannvirki en það er yngra en miðaldir, frá 16. eða 17. öld. Engin ástæða er því til að halda að Kirkjubúfur geti verið til vitnis um vegakapellu. Hinsvegar eru það talsverð byggðasöguleg tíðindi að mannvirki hafi verið reist á þessum stað á 16. eða 17. öld því ekki er vitað um neina byggð í Stöng á þeim tíma. Stangar er ekki getið í jarðabók Árna og Páls og ekki vitað um byggð þar fyrr en 1857 en gerðið sem þar var fyrir hefur af lýsingum að dæma (Orri Vésteinsson 1996, 67) verið áþekkt þeim sem grafin hafa verið upp víða í Mývatnssveit og eru aflögð fyrir 1300. Alls ekki þarf að vera að mannvirkið á Kirkjubúfum vitni um byggð á Stöng á 16. eða 17. öld – þó alls ekki sé það útilokað – heldur getur verið að það sýni að staðurinn hefur verið nytjaður með einhverjum hætti.




Mynd 17. Mannabeinafundarstaður við Víðatóft við Músvatn. Grjótdysin er leifar hins meinta kumls sem grafið var upp 1989 en talið er að a.m.k. tvær grafir til viðbótar gætu leynst í stórþýfinu vestan við.

Víðatóft við Músvatn

Mannabein komu í ljós árið 1989 við suðvesturhorn Músvatns og gerði Guðmundur Ólafsson rannsókn þar. Gröfin lá N-S og hefur verið grjóthruga ofan á eða í kring en ummerki voru að öðru leyti of óljós til Guðmundur treysti sér til að slá því föstu að gröfin væri kuml (kristján Eldjárn 2000, 203-204). Síðar hefur verið gerð kolefnisaldursgreining á beinunum sem sýna að þau eru mjög gömul (en einnig hefur orðið ljósara að gröfin er rétt utan við túngarð eyðibýlis sem kallað er Víðatóft en það var komið í eyði fyrir 1104 (Orri Vésteinsson ed. 2011, 18-23). Einsætt er að gröfin sé úr heiðni og hafi tilheyrt þessu býli.



Mynd 18. Meintur kumlateigur við suðvesturhorn Másvatns. Barðið er myndað af jarðýtu sem fór yfir teiginn 1989 en dokkir eru sunnan við það. Myndin er tekin úr norðnorðvestri.



Mynd 19. Snið í suðurhlíð ýtufars. [001]: H3. [002]: Brún fokmold, svörtu lögin úr LNS efst. [003]: Uppmokstur með H3 flekkjum, situr í niðurgrefti. [004]: Torfblandlag. [005]: V-1477. [006]: Grasrót.



Mynd 20. Önnur af tveimur dokkum (sú vestari) sem gætu verið rændar grafir á kumlateig við Víðatóft, úr suðri.

Jarðýtufarið sést enn greinilega og grjóthrúga þar sem gröfin var. Hún hefur verið í jaðri lítils hólts sem hefur verið u.þ.b. 10 m í þvermál og mest um 1 m hærri en umhverfið. Hóllinn er á suðurbakka grófar sem lækurinn rennur um frá bæjarstæðinu. Jarðýtan hefur tekið burt tæplega helming hóltsins en ef grjóthrúgan er til marks um gröfina hafa örugglega ekki verið fleiri grafir sambærilegar á svæðinu sem hún eyðilagði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort hóllinn gæti verið manngerður og hvort mögulegt sé að fleiri grafir leynist þarna. Þann 7. júlí 2011 var hreinsað 2 m langt snið í ýtusárinu og sást í því niðurgröftur sem stenst á við aflanga dæld sem liggur norður-suður og í honum uppmokstur með H3, en H3 sjálft er óhreyft undir á þessum stað. V-1477 er greinilegt ofan á þessu en ekki augljóslega mikil upphleðsla á milli. Vestar í sniðinu er torfblandlag undir V-1477 en yfir neðri svörtu gjóskunni í LNS. Önnur dæld sambærileg hinni að stærð en heldur dýpri er á vesturhlið hóltsins (haugsins!). Þessi ummerki benda sterklega til að hóllinn sé að hluta upphlaðinn og að þarna séu a.m.k. tvær grafir til viðbótar við þá sem kom í ljós 1989.



Mynd 21. Steinlögnin á Þyrilshóli miðað við Þyrilskot. Mynd af Kortasjá Landmælinga Íslands.


Þyrilshóll í landi Máskots í Reykjadal

Þyrilskot er nafn á gerði með fornum rústum sunnan undir Þyrilshóli sem er melhóll í hlíðinni milli Brúnar og Máskots. Skurður sem tekinn var í gerðið 2010 sýndi að þarna var komin mannvist fyrir 940 en að garðurinn var hruninn fyrir 1104 (Orri Vésteinsson ed. 2011, 8-11). Norðvestanhalt í Þyrilshóli sjálfum, 80 m norðan við gerðið og 95 m norðan við tóftirnar uppi á hólnum innan þess en 24 m VNV af vörðu hæst á Þyrilshóli, er hluti af skipslaga grjótlögn eða vörðubotni, um 2 m löng. Grafið var í þetta þann 7. júlí 2011 en engin mannvistarlög eða niðurgröftur er í sambandi við grjótið. Grjótið er auðsæilega samanfært af manna höndum og staðurinn er einkennilegur fyrir vörðu en ekkert er þarna sem bendir til grafar.


Annar grunsamlegur staður er 90 m beint norður af hinum á næsta melhól norðan við Þyrilshól, norðvestanhalt í honum. Þar er gróin dæld og hringlaga kragi í kring og talsvert af grjóti vestan í honum, alveg óreglulegt þó. Engin mannaverk fundust á þessum stað.



Mynd 22. Steinlögð á Þyrilshóli, úr vestri.



**Mynd 23.
Steinlögðin á
Þyrilshóli.**



Mynd 24.
Mannabeina-
fundarstaður á
Daðastaðgerði
m.v. kumlateig á
Daðastaðaleiti.
Loftmynd frá
Landmælingum
Íslands.

Daðastaðgerði (Lyngbrekka) í Reykjadal

Kuml hafa verið grafin upp á Daðastaðaleiti beint upp af bænum Lyngbrekku sem er nýbýli, stofnað 1932 (Adolf Friðriksson ritstj. 2009). Neðan við leitið sjást leifar af túngarði Daðastaðgerðis en talið er að Daðastaðir hafi staðið þar áður enda hefur sá garður afgirt mjög stórt svæði og grafreitir sem talinn er vera kirkjugarður hefur komið í ljós heima við bæinn (Garðar Jakobsson 1993, 116)..

Jón Aðalsteinsson (f. á Daðastöðum 1930) sagði í símaviðtali að mannabein hefðu komið upp, að hann minnti skömmu fyrir 1950, eitt rigningarumar þegar grafa átti fyrir votheysgryfju við útihúsið sem er næst austan við íbúðarhúsið. Þá sáust amk þrjár beinagrindur og lágu þær austur – vestur með hendur niður með síðum. Seinna var grafin undirstaða undir vegg viðbyggingar við íbúðarhúsið og kom þá líka í ljós beinagrind og man Jón eftir mjaðmagrindinni. Hann telur að hluti kirkjugarðsins nái inn undir íbúðarhúsið (sennil. Viðbygginguna austan við það) en hann man líka eftir bogadregnum garði sem hann segir augljóst að hafi verið kirkjugarðsveggur sem hafi átt við þennan grafreit. Hann segir að djúpt sé niður á grafirnar, upp í 2 m.

Jón telur líklegast að bærinn sem kirkjugarðurinn á við hafi staðið á sömu slóðum og eldra og yngra íbúðarhús en víða á því svæði hafi komið upp hleðslur og aska en einnig man hann eftir að hafa komið niður á hlóðir með miklu af gjalli í kring. Mikið er af járnríkum rauða í landi Daðastaða að hans sögn og telur hann jafnvel að þarna gæti hafa farið fram rauðablástur.



Mynd 25. Afstöðumynd af Kirkjulaut og mannabeinafundarstað á Hólum í Reykjadal. Loftmynd af GoogleEarth.

Hólar í Reykjadal


Á Hólum í Reykjadal var fallið bænhús árið 1437 (DI IV, 565) og þar hafa komið í ljós mannabein við heimreiðina austan við bæinn en einnig er varðveitt örnefnið Kirkjulaut norðan við bæinn og er í henni tóft sem talin hefur verið af kirkju (Garðar Jakobsson 1993, 105).

Kirkjulaut er nú allmikið breytt frá fyrra horfi. Gamli vegurinn sem lá um hlað á Hólum hefur verið hlaðinn upp í vesturhluta lautarinnar og var ýtt ofan í hana sunnanverða þegar hann var lagaður uppi á brúninni. Þar undir sagði Haraldur Jakobsson (f. 1906 d. 1996) að hefði verið önnur tóft og ógreinilegt garðlag liggur í sveig undan þeim hrauk og undir göturnar sem liggja þvert yfir vesturendann á lautinni. Núverandi vegur að Laugum hefur verið lagður yfir norðurhluta lautarinnar en efni úr hólnum Kleiki var notað í hann og liggja nú þrír stórir steinar sem áður voru uppi á Kleiki niðri í lautinni.


Tóftin er í norðvesturenda lautarinnar og liggja greinilegar reiðgötur frá NV til SA við



Mynd 26. Skurður A₁ í tóft í Kirkjulaut, úr austri.




Mynd 27. Tóft í Kirkjulaut með staðsetningu skurðanna.



Mynd 28. Vestursnið og plan skurðar A₁ í Kirkjulaut. [001a]: mjúkt lífrænt yfirborðslag, brún mold með taði og torfblendingi. [001b]: Sama og 001a en þéttara og gráleitara með grófum sandi / finni mól. [002]: Torfveggur, V-1477 í torfinu. [003]: Torfhrun með smásteinum. [004]: Fokmold og grasrót.


vesturenda hennar og stefna á hlað á Hólum. Tóftin er 9x5 m að utanmáli og snýr því sem næst rétt austur-vestur. 30. júní 2011 var skurður grafinn innan í tóftinni (A₁). Hann er 1,2x07 m að stærð og sést í honum að V-1477 er í torfi í veggnum. Steinaröð markar veggbrúnina en um feti innar er önnur röð af minni steinum í gólfinu og gæti hún verið undirstaða undir garða. Gólfið er tað- og moldarsambreyskingur, en engin kol eða aska eða aðrar vísbendingar um mannbústað. Líklegt er að þetta hús sé því skepnuhús frá því eftir 1477.



Annar skurður var grafinn í sömu línu og hinn sunnan við tóftina (A₂) og var sá 1,6x0,7 m að stærð. Í honum sést torf úr skepnuhúsinu yfir V-1477 á sínum stað. Undir því eru þykk mannvistarlag, smáræðis aska en mest torf og uppmokstur, samtals 50-60 sm að þykkt alveg niður á svörtu lögin í LNS en engar sögulegar gjóskur sjást. Engar skýrar vísbendingar eru um

Mynd 29. Skurður A₂, norðursnið. [001]: Óhreyft, H3 neðst en neðri svarta gjóskan úr LNS efst. [002]: Lagskipt grábrúnt mannvistarlag, lífrænt með uppmokstri. [003]: Brúnleitt mannvistarlag með torfblendingi, ekki lagskipt eins og 002 og 004. [004]: Mannvistarlag, lagskipt með ösku. [005]: V-1477. [006] Torfhrun úr veggnum [002] í A₁. [007]: Grasrót.

eldra hús á þessum stað þó það gæti hafa staðið skammt frá og ekkert sem bendir til greftrunar. Könnunarhola var tekin 5 m sunnan við SV horn A2 og 2 m vestar, þar sem er bakki sem liggur því sem næst austur-vestur, en í henni sást ekkert sem benti til að bakinn væri manngerður og aðeins smávegis rót ofarlega í sniðinu.



Mynd 30. Staðsetning skurðar og könnunarholu við heimreið að Hólum, með veggstúf af hringlaga gerði og tilgátu um hvernig kirkjugarðurinn gæti hafa litið út í heild sinni.

Mannabein hafa margsinnis komið í ljós við heimreiðina að Hólum en hún liggur yfir suðurenda hólrana sem snýr NNV-SSA austan við bæinn. Ristarhlið er austanhalt við hólranann en þar vestan við hefur hólendinn verið tekinn niður til að jafna fyrir heimreiðinni. Þegar hún var gerð 1924 komu í ljós mannsbeinagrindur, ekki af færri en þremur einstaklingum, en bein komu einnig í ljós 1995 og síðar og hafa þau sem fundist hafa hin síðari ár verið tekin til handargagns og geymd í kassa. Beinín sem fundist hafa á síðari árum munu öll hafa komið úr bakkanum norðan við heimreiðina en þar eru þrír lagnaskurðir. Geir




Mynd 31. Skurður 2 á Hólum, úr vestri.

Garðarsson (f. 1942) man eftir að garðlag hafi legið þvert á veginn tæplega 20 m vestan við ristahliðið og gæti það hafa verið austurhlið í kirkjugarði. Hann man líka eftir að hafa keyrt yfir tanngarð úr manni sem lá í heimreiðinni áður en mól var borin í hana.

Skurður 2 var grafinn milli heimreiðar og bakkans norðan við. Uppgröfturinn fór fram dagana 30. júní til 1. júlí. Skurðurinn var 7 m langur og 0,7 m breiður. Sunnantil í honum, næst heimreiðinni, á um 3,5 m bili, eru þrír lagnaskurðir og hefur upphaflegt yfirborð greinilega verið lækkað um 1-2 fet. Lítið sem ekkert er eftir af náttúrulegum lögum á þessu bili, ofan við móhelluna sem undir er. Brúnin þar sem ýtan hefur tekið úr hólnum sést ágætlega á yfirborði 3-3,5 m norðan við heimreiðina allt frá brunni með steypu loki sem er 3 m vestan við ristahliðið (Mynd 30). Í norðurhluta skurðarins var torfveggur, einföld strengjahleðsla að sunnan en hnausar, e.t.v. ekki annað en uppmokstur norðan í. Talsvert torfhrun er beggja vegna og þæla undir því norðan við. 1477 gjóskan er 14 sm yfir torfhruninu norðanmegin en slitrur úr henni sjást líka sunnan við vegginn, 6-7 sm yfir torfhruni og virðist veggurinn hafa verið hruninn við jörð er gjóskan féll. Veggurinn er skammt ofan við H3 og hefur LNS verið skorin burt áður en hann var byggður. Á yfirborði sér móta fyrir áframhaldi garðsins um 3 m til suðvesturs og er greinileg sveigja á honum og gæti hann sem best verið framhald garðsins sem Geir man eftir í heimreiðinni. Þar með má

Skurður 2: Austursnið



Mynd 32. Austursnið skurðar 2 á Hólum í Reykjadal. [001]: Fyllingarefni, maðkétin mold með mól og grjóti. [002]: Sandur. [003]: Hitaveiturör úr plasti. [004]: Rafmagnskapall. [005]: Þétt náttúruleg áfokslög. [006]: Móhella. [007]: Járnrör með striga vöfðum utanum. Heitavatnslögn frá Laugavöllum, nú aflögð. [008]: H3. [009]: Gulbrún fokmold. [010]: Torfhrun. [011]: Torfveggur hlaðinn úr streng. [012]: Hnausar með H3, e.t.v. hluti af veggnum eða viðgerð. [013]: Grasrót og fokmold yfir V-1477. [014]: Fokmold undir V-1477.

gera sér grein fyrir norðvesturhluta garðsins og hafi kirkjan verið í miðju hans hefur hún verið þar sem heimreiðin er, 2-3 m austan við skurðendann. Sá garður gæti hafa verið 15-16 m í þvermál. Engin merki sást um grafir í skurðinum.

Sunnan við heimreiðina er stallur í sömu hæð og vegurinn sem gæti geymt óhreyfðar minjar en af ljósmynd frá 1930 sést að hóllinn var þá mun hærri sunnan við heimreiðina. Hann hefur því verið lækkaður verulega og því óvíst að mikið sé eftir þar. Austan við þennan stall, 2-5 m sunnan við heimreiðina og 1-2 m lægra í landinu er annar stallur og mótar þar fyrir horni á garðlagi á yfirborði. Könnunarhola (0,5x0,5 m) var tekin innanvert við þennan garð rétt vestan við hornið. Í honum er H3 á 90 sm dýpi sem sýnir að landið hefur lækkað skart til suðurs og austurs frá norðvesturhluta garðsins. Ekki sást skýr merki um garðhleðslu í þessari holu en ofan á LNS (án grænu laganna) er uppmoksturslag og annað lag þar ofan á með torfusneplum og efst í því tvö hvít gjóskulög, H-1104 og H-1158. Þar ofan á var minna hreyft en þó langt í frá sterílt. Mögulegt er að uppmoksturinn bendi til grafa í grennd en grafreituinn væri þá ekki reglulegur að lögun og má hugsa sér ýmsar ástæður ótengdar fyrir raski á þessum stað.

Langstærsti hluti þessa grafreits er horfinn og hafi þar verið kirkja eru engin ummerki um hana lengur. Aðeins er eftir óhreyfður geiri nyrst og efst í garðinum en ekki getur talist líklegt að mikið af gröfum hafi verið þar. Mögulegt er að grafa mætt enn leita sunnan við heimreiðina.

Beinin sem tínd höfðu verið saman og geymd á Hólum eru sennilega af a.m.k. tveimur einstaklingum en MNI er 1. Meðal beinanna er lærleggur sem taka má C14 sýni úr (Hildur Gestsdóttir pers. comm.). Beinin voru afhent rannsóknarmanni.

Um 20 sm þykk mannvistarlög eru undir H-1104 í könnunarholu austan við kirkjugarðinn sem sýna háan aldur byggðar á Hólum.




Mynd 33. Skurður við heimreið á Öndólfssstöðum í Reykjadal, úr suðvestri. Bæjarhóllinn er til vinstri á myndinni (ber í rafmagnsstaur) en yngra bæjarstæði til hægri.

Öndólfssstaðir í Reykjadal

Mannabein komu í ljós fast norðan við heimreiðina að Öndólfssstöðum um 1970. Verið var að ýta upp í heimreiðina og sáust beinin í farinu og voru tínd upp. Mest af þeim var ofarlega í brekkunni, rétt neðan við hliðið en einhver fundust líka neðar í brekkunni, nær þjóðveginum. Meðal beinanna var ein hauskúpa og af lýsingum að dæma er óvíst að þarna hafi verið meira en ein beinagrind. Staðurinn er um 50 m sunnan við bæjarhól í túni og væri eðlilegt kirkjustæði en engar heimildir eru um bænhús eða kirkju á Öndólfssstöðum.

Eftir tilvísun Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar (f. 1955) sem man eftir fundinum var skurður grafinn 6. júlí 2011 norðan við heimreiðina, 4 m vestan við hliðið en 0,5 m sunnan við vírgirðingu sem er um túnið norðan við heimreiðina.. Skurðurinn var 2x1 m og eru engin ummerki um grafir í honum eða vísbendingar um uppmokstur í nánd. Samfelld mannvistarlög eru niður á 0,9 m dýpi, undir V-1477 en önnur gjóskulög eru ekki ótvíræð. LNS hefur verið skorin burt og eru mannvistarlögin nánast beint ofan á H3. Þau eru lagskipt, mest aska en dálítið af viðarkolum og steinvölum en engin dýrabein, hvorki brennd né óbrennd. Jarðýtufarið sést óglögg um 1,3 m sunnan við vírgirðinguna en ekki hefur verið



Mynd 34. Afstöðumynd og norðursnið skurðar á Öndólfssstöðum. [001]: H3. [002]: Óhreyft. [003]: Lagskipt mannvistarlag með öskulinum á milli torfhruns, stöku viðarkol og smásteinar. Meira af ösku og koli neðantil. [004]: Maðkétin mold, sennilega yngri en gerð heimreiðarinnar. Nútímalegt glerbrot kom úr þessu lagi. [005]: Grasrót.

skafið jafnmikið ofan af eins og virðist á yfirborði því landinu hallar til suðurs. Jarðýtan hefur varla tekið meira en 0,5 m ofan af og hafa beinin því legið fremur grunnt.

Mestar líkur eru því til að þarna hafi aðeins verið ein beinagrind og ekkert sem bendir til kristins grafreits.

Halldórsstaðir í Reykjadal

Í örnefnaskrá Halldórsstaða er sagt frá Ásláksmó, valllendismó, „sem var sleginn, milli Hofmannahóls og Syðri-Stekkjardals. Nú er þetta sléttað. Friðrik [Jónsson, heimildarmaður] veit ekki um tilefni nafnsins. Þegar sléttað var, kom upp höfuðskel af manni, mjög gömul. Hún var látin liggja þar áfram.”

Ásláksmór er norðan við Hofmannahól, 340 m norðan við gamla bæjarstæðið en bærinn er nú fluttur vestur fyrir móinn. Hann er í dæld á milli melhóla að sunnan, vestan og norðan. Mannabeinin fundust milli 1953 og 1956 þegar jarðýta ruddi slóða sem liggur norður-suður meðfram vesturbrún mósins. Ýtan fór vestan í lítinn hól sem þar er, u.þ.b. 20 m norðan við vesturendann á Hofmannahóli, beint ofan við kartöflugarð sem er í brekkunni vestan (neðan) við. Beinir hafa verið á malarhrygg eða í moldarbarði vestan undir honum. Allbratt er niður að vestan en mórinn er flatur milli melhóla. Þessi staður sést ekki frá bæjarhólnum en víðsýnt er af honum til norðurs og vesturs. Páll Friðriksson (f. 1943) var unglingur þegar hann fann beinin í flaginu eftir ýtuna. Beinir voru ekki meiri en úr einum




Mynd 35. Afstöðumynd af mannabeinafundarstað í Ásláksmó á Halldórsstöðum í Reykjadal. Númer vísa til kennitalna fornleifastaðanna í Ísleifu. Loftmynd af GoogleEarth.

einstaklingi, aðallega hluti af hauskúpu og voru þau tekin til handargagns og lengi geymd á háalofti á Halldórsstöðum en að endingu komið í vígða mold.

Einarsstaðir í Þegjandadal - kumlateigur

Á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal eru bæði kirkjutóft og kumlateigur þar sem uppgröftur hefur farið fram undanfarin ár (Roberts 2009). Á Einarsstöðum sem er næst sunnan við og efst í dalnum er alveg sambærileg kirkjutóft en þrátt fyrir allmargar tilraunir fram að þessu hefur ekki tekist að finna kumlateig þar. Howell Roberts hefur lengi svipast um eftir kumlateig á Einarsstöðum og benti á dæld á lágu lyngmóaholti suðvestast í túninu, um 40 m austan við túngarðinn, 200 m sunnan við kirkjutóftina og 35 m sunnan við suðvesturhornið á syðsta gerðinu. Samkvæmt kenningunni eiga kumlateigar ekki að vera innangarðs (þó það sé í sjálfu sér ekki óhugsandi sbr. Gautlönd) en tilgáta Howells er að túngarðurinn hafi áður legið um 40 m austar og þá verið í beinu framhaldi af langa garðinum sem nær frá Ingiríðarstöðum.


Dældin er austanhalt í holtinu, um 2 m löng og 0,5 m djúp. Hún snýr NNV-SSA. Þann 8. júlí 2011 var grafinn 0,4x0,5 m skurður í vesturbakkann og sást þar að H3 er skorin og upp




Mynd 36. Afstaða meints kumlateigs við bæjarhól og kirkjugarð á Einarstöðum í Þegjandadal. Myndina tók Arnþór Garðarsson.



Mynd 37. Skámynd úr suðvestri af meintum kumlateig. Myndina tók Árni Einarsson.




Mynd 38. Plan af dældinni með prufuskurði á Einarstöðum.



Mynd 39. Norðursnið í prufuskurði í meint kuml á Einarstöðum. [001]: Grasrót. [002]: Áfok undir V-1477. [003]: Hreyfð mold með uppmokstri. [004]: Óhreyft með H3 á sínum stað. Skurðurinn fyrir gröfina er tekinn um 3 sm ofan við það.

að skurðinum leggst blanda af uppmokstri og torfsneplum. V-1477 liggur hinsvegar yfir öllu saman. Gryfjan er því greinilega manngerð og önnur tilgáta ekki sennilegri en að þetta sé kuml. Fast norðan við gryfjuna er lyngbrúskur sem gæti bent til annarar grafar en um 15 m norðar eru tvær dældir til viðbótar, einnig með lyngbrúskum. Þær eru ekki eins djúpar og sú sem grafið var í og virðast snúa meira beint N-S.

Þessi vegsummerki eru nógu skýr til að réttæta frekari rannsókn. Slík rannsókn ætti einnig að beinast að því hvort eldri túngarður sé sléttaður austan við dældirnar.




Mynd 40. Kirkjugarður með tóft á Einarstöðum í Þegjandadal. Staðsetning skurðanna A og B er sýnd.

Einarstaðir í Þegjandadal – kirkjugarður

Á Einarstöðum í Þegjandadal er mjög skýr og greinileg kirkjutóft innan í hringlaga garði. Sigurður Þórarinnsson gróf í hana 1974 og skráði snið sem sýnir að bæði V-1477 og annað dökkt gjóskulag voru yfir mannvistarlögum í kirkjutóftinni. Það bendir til að tóftin hafi verið hrúnin löngu fyrir 1477 og hugsanlega fyrir 1300 en H-1300 sést víða í sniðum á þessum slóðum, m.a. í skurðunum sem lýst er hér að neðan, þó ekki sé hægt að útiloka að eldra lagið í skurði Sigurðar getið verið t.d. K-1262 eða V-1410 (Sigurður Þórarinnsson 1976, 467-68). Garðurinn er um 15 m í þvermál að innan, veggurinn 1,5-2 m á þykkt og dyr virðast vera á suðurvegg, í átt að bæjarstæðinu sem er sunnar og heldur austar í túninu. Tóftin snýr austur-

Skurður B. Norðursnið



Mynd 41. Norðursnið skurðar B í kirkjugarði á Einarstöðum á Þegjandadal. [001]: H3. [002]: Óhreyfð fokmold með svartri gjósku úr LNS efst. [003]: Torfhrun, lagskipt með linsum af ösku og dálitlu af viðrkolum. H-1158 situr í þessari uppsöfnun á sínum stað. [004]: Ljósbrún fokmold, hreyfð. [005]: Dökkbrún fokmold, lífrænni en [004], með dálitlu af viðarkolum, með H-1300 efst. [006]: Samskonar lag og [005] en engin viðarkol V-1477 ofaná. [007]: Dökkbrún fokmold, óhreyfð. [008]: grasrót.



Mynd 42. Skurðir A og B úr suðri. Kirkjugarðsveggur í forgrunni en kirkjutóft fyrir miðju. Horft út eftir Þegjandadal.

vestur og er 4x2,5 m að innanmáli með dyr á vesturgafli. Hún stendur hátt innan garðsins og gæti verið að undir sé hvort heldur sem er náttúrulegur hóll eða eldri byggingarstig. Fyrir vikið hafa veggirnir sigið út á við og eru 2-3 m breiðir.

Tveir 1x1 m skurðir voru grafnir horn í horn sunnanmeginn í garðinum þann 8. júlí 2011. Grafir voru í hvorugum og er því ekki hægt að staðfesta að þetta sé kirkjugarður, en sé gerðið það þá hafa ekki margir verið grafnir í honum. Sama lagskipting var í báðum skurðunum. Yfir LNS (neðri svörtu gjóskunni) er mannvistarlag og hvít gjóska, sennilega H-1158, í því. Það er mjög lagskipt og blandað, mest torf en líka smáræði af ösku og viðarkolum. Næst fyrir ofan er mannvistarlag sem er minna lagskipt og mest torf en hluti af upphleðslunni stafar greinilega af áfoki. Yfir því eru skýr skil og við tekur dökk gróðurmold með smáræði af viðarkoli og einn gjallmoli fannst. Yfir því er H-1300 en sambærilegt lag er milli hennar og V-1477 en ekki með ótvíræð merki um mannvist. Alveg óhreyft er yfir V-1477.


Mögulegt er að gjallmolinn bendi til að smiðja hafi verið á þessum stað eftir að kirkja var aflögð og hefur það verið talsvert fyrir 1300. Það og fæð (eða alger skortur) grafa bendir til að þessi kirkja hafi ekki verið í notkun lengi, ef til vill aðeins í nokkra áratugi, en ef H-1158 er rétt greint (gjóskulagafræðingur kom ekki á staðinn) þá getur hún sem best verið frá 11. öld. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við það sem komið hefur í ljós í skurðum í kirkjunni á Ingiríðarstöðum: þar eru heldur engar grafir í þeim litlu skurðum sem grafnir hafa verið og byggingin var aflögð fyrir 1300.

Eystri Brú í landi Árbótar í Aðaldal


Eystri Brúar eða Brúarlands er getið í skjölum frá 13. öld til 15. aldar en á bæjarstæðinu var síðar sel frá Árbót og þá kallað Bótarsel, en eftir að nafnið breyttist virðist líka hafa verið búið þar, a.m.k. öðru hverju fram undir 1660 (JÁM XI, 221). Brúarstæðið er beint vestan við bæjarstæðið og hefur leiðin frá brúnni legið um hlaðið. Bæjarstæðið er að mestu óskaddað, einasta að norðurhlið túngarðsins hefur verið hlaðin upp á fyrri hluta 20. aldar til að gera nátthaga og einnig virðist lækurinn sem myndar austurhlið túnsins hafa verið lagaður til. Túnið hefur verið um 4 ha. Gamli túngarðurinn er skýr fyrir vestur- og norðurhlið túnsins og tvær unglagar tóftir eru á bæjarhólnum en þar fyrir utan eru fornlegar tóftir á að a.m.k. fimm stöðum í túninu. Fyrir utan það, austan við lækinn, í brekkurótum er hringlaga gerði sem grunur lék á að gæti verið kirkjugarður þó engin sé inni í því tóft. Það er sporöskjulaga,



Mynd 43. Eystri Brú í Aðaldal úr lofti 2004. Hringlaga gerðið sem skurður 1 var grafinn í er til vinstri við miðja mynd. Skurðir 2 og 4 eru rétt neðan við myndina til hægri. Myndina tók Árni Einarsson.




Mynd 44. Gerði austan við túngarð á Eystri Brú með staðsetningu skurðar 1.




Mynd 45. Suðursnið í skurði 1 á Eystri Brú. [001]: Óhreyft. [002]: H3. [003]: Brúnt áfök, óhreyft. [004]: Blandað mannvistarlag, með torfhræringi, lítilsháttar af ösku og viðarkolum og skellum af gráleitu lífrænu efni. [005]: V-1477. [006]: Brúnt áfök, óhreyft. [007]: Grasrót.

22x19 m að innanmáli, lengra frá norðri til suðurs og enginn skýr inngangur en veggir eru mjög aflagaðir og sprungnir í þúfur. Í suðvestur fjórðungi gerðisins er afgirt hólf og mögulega einnig veggur sem skiptir austurhellingnum í tvennt. 1x1 m skurður (Skurður 1) var grafinn rétt norðan við miðju gerðisins þann 5. júlí 2011. Í honum sást að óhreyft er niður á V-1477 en beint undir því er hreyft lag með smáræði af kolum og ösku en aðallega torf og uppmokstur og lífrænt, fitugt, grátt efni. Þetta minnir mjög á mannvistarlagið í mannvirki 7 á Höfðagerði (sjá hér að neðan) og gæti bent til að þessi tvö gerði hafi haft sambærilegt hlutverk.


Við suðausturhorn bæjarhólsins er stallur og á honum lítil ferhyrnd tóft sem virðist tilheyra yngstu byggingarstigum á staðnum. Hún snýr N-S, 8x5,5 m og engar dyr sjáanlegar. Í kringum hana að sunnan og vestan er mjög breiður veggur, mun fornlegri og má ímynda sér að hann hafi náð hringinn í kring og er það ástæða þess að annar skurður var grafinn utan í tóftina að norðanverðu, einnig 5. júlí. Hann var 1,5x0,7 m (Skurður 3) og í honum sást að tóftin er hlaðin eftir 1477 en ofan á eldri mannvirki. Það er í fyrsta lagi torf, sennilega úr vegg þó ekki séu skýr merki um hleðslu í því, sem er undir V-1477 en yfir H-1300. Undir 1300 gjóskunni er uppmoksturslag sem á við steinaröð sem hefur áþekka en ekki sömu stefnu og tóftin á yfirborði. H-1300 er líka yfir torfi með svörtu lögunum úr LNS, sennilega hrundu þaki, sem liggur yfir hellum sem aftur eru yfir fyllingu í skurði sem snýr þvert á vegginn. Mannvistarlögin ná niður að H3 og hefur LNS verið fjarlægð en eldri veggurinn og gryfjan geta sem best verið mun eldri en 1300. Þessi ummerki verða ekki skilin í svo litlum skurði en ekkert sérstakt bendir til að þarna sé kirkja eða grafreitur þó engan veginn sé það útilokað. Mynd af skurðinum er á forsíðu þessa rits.




Mynd 46. Tóftir á bæjarhólnum á Eystri Brú. Stærri myndin sýnir tóftina við suðausturhorn hólins sem skurður 3 var grafinn í.



Mynd 47. Norðursnið skurðar 3 á Eystri Brú. Leyst er úr eininganúmerum í myndatexta við Mynd 48.




Mynd 48. Vestursnið skurðar 3 á Eystri Brú. [001]: Brún fokmold, óhreyft. [002]: H3. [003]: Torfblendingur með uppmokstri. [004]: Torf ofan á H-1300. [005]: V-1477. [006]: Torfveggur byggingar sem sést á yfirborði. Á milli hans og V-1477 eru 1-2 sm af áfoksmold. [007]: Torf með LNS – fallið þak? Ofan á hellugólfi. [008]: Torfhrun með skellum af fitugu lífrænu efni. [009]: Áfok, örlítið hreyft. [010]: Grasrót. [011]: Fylling í niðurgrefti, lagskipt með dálitlu af ösku og viðarkolum og linsum af fitugu, gráleitu lífrænu efni en uppistaðan er torfhrun og smásteinar, bæði blágrýti og hraunmolar.



Mynd 49. Plan af skurði 3. Hleðslan sem liggur þvert á skurðinn tilheyrir einingu [003], en hellurnar í norðvesturhluta eru undir [007] en yfir [011].

Allstór þúfa, 5x2 m, er uppi á ávölum hól um 50 m norðan við túngarðinn. Lítill skurður (0,5x0,3 m) (Skurður 2) sýndi að hún er alveg náttúruleg.


Fast við Laxá, um 200 m norðan við túnið er ávalur hóll og eftst á honum nokkrar dældir, reglulegri og dýpri en venjulegar dokkir milli þúfna. Tvær litlar könnunarholur (önnur í nýlegan skurð sem þarna var fyrir – hin Skurður 4) sýndu ekki að þetta væri neitt annað en náttúrulegt.




Mynd 50. Afstöðumynd af mannvirkjaleifum á Höfðagerði sem sýnir staðsetningu skurða sem grafnir voru 2011. Kortið gerði Oscar Aldred.

Höfðagerði í Aðaldal

Uppgröftur fór fram í Höfðagerði í Aðaldal árin 2002-2004 (Aldred & Adolf Friðriksson 2003; Aldred 2004) og beindist þá athyglin einkum að tóftum austan í Höfðanum og norðan við sumarbústað sem stendur á líklegum bæjarhóli. Allt rústasvæðið var teiknað upp og tóftum og görðum gefin númer en minnstur gaumur var gefinn tóftum sem eru sunnan við bæjarhólinn. Meðal þeirra er sporöskjulaga gerði við suðausturhorn bæjarhólsins og hverfur norðurhlið þess undir hann. Þetta gerði er ekki sýnt á heildaruppdráttum af svæðinu (sbr. Mynd 50). Það er um 20 m frá austri til vesturs en 15 m frá norðri til suðurs og gæti hafa haft op bæði til austurs og vestrurs. Lítil tóft er samföst gerðinu að utanverðu að suðvestan og hefur hún dyr í suðvestur en fast sunnan við gerðið, og heldur austanhalt, er stök tóft aflöng, 9x6 m með dyr til vesturs og fast sunnan við hana tvær djúpar tóftir samvaxnar sem gætu verið jarðhús, báðar um 2x1 m að innanmáli.



Mynd 51. Gerði suðaustan við bæjarhól í Höfðagerði með staðsetningu Skurðar 1.



Mynd 52. Skurður 1 í Höfðagerði, plan af arðförum í botni skurðarins (t.h.) og austursnið (t.v.). [001]: Arðför. [002]: Skáhallandi sneiðar af jarðvegi með H3 og óhreyfðri ljósbrúnni mold en á milli þeirra þunn lög af sótsvörtu lífrænu efni með dálitlu af viðarkoli. [003]: Blandaður uppmokstur. [004]: Samskonar og [003] en minna blandað. [005]: Dökkbrún fokmold, óhreyfð. H-1300 og V-1477 á sínum stað í þessu lagi. [006]: Grasrót.

Gerðið sjálft er um 150 m² að flatarmáli að innanverðu. Lögun þess og staðsetning miðað við meint bæjarstæði var orsök þess að talið var mögulegt að það væri kirkjugarður en uppgröftur 4. júlí 2011 sýndi að svo er ekki. 1x1 m skurður var grafinn heldur austar en fyrir miðju gerðisins (skurður 1) og komu þar í ljós arðför áþekk þeim sem fundist hafa á Ingiríðarstöðum í



Mynd 53. Skurður 1 með arðförum í botni, úr suðri.

Þegjandadal. Járnnaqli fannst í einu arðfaranna en þau eru á 50 sm dýpi og virðist aðeins einu sinni hafa verið erjað á þessum stað. Yfir förunum og fyllingunni í þeim, sem líkist því helst að moldinni hafi verið snúið einu sinni við, eru meira blönduð lög og gætu þau verið ummerki um síðari ræktun. Hvernig sem í þessu liggur er þetta örugglega ræktunarstaður en ekki kirkjugarður. Verksmiðjuframleitt gler fannst í því neðra af tveimur blandlögum en það hlýtur að hafa troðist niður þó það hafi legið ótrúlega djúpt. V-1477 er yfir öllum skurðinum og H-1300 nokkurnvegin samfelld 2-3 sm yfir efstu hreyfðu lögunum.

Könnunarhola var einnig tekin í annað gerði, suðvestan við bæjarhólinn í rótum Höfðans (structure 7). Ekki eru þar sambærileg ummerki en engu að síður mannvistarlög,



Mynd 54. Mannvirki 7 í Höfðagerði, úr austri. Könnunarhola var grafin í miðju þessa gerðis.


meira kolaborin og lífrænni/fitugri. Þau eru lagskipt og gætu einsvel bent til að skepnur hafi verið geymdar í þessu hólfi eins og þar hafi farið fram ræktun. Örugglega ekki kirkjugarður heldur. Engin gjóskulög sáust í þessari holu en efstu 32 sm eru hreyfðir en H3 er á 38 sm dýpi og bendir það til að LNS hafi verið stungin burt en jafnframt að yngri lög eins og V-1477 sem þarna ættu að vera hafi líka verið stungin burt og má vera að seinni ristan tengist því að gerðið er allt grasi gróíð að innanverðu en ekki lyngi eins og aðrar fornlegar tóftir í Höfðagerði.

Ekkert bendir því til kirkjugarðs í Höfðagerði en þar hefur farið fram akurrækt sem hefur verið lögð af fyrir 1300.

Hafralækur í Aðaldal (með Ytra Fjalli og Garði)

Bænhús var á Hafralæk í Aðaldal skv. sölubréfi frá 1449 (DI IV 756, sbr. 758). Ásgrímur Þórhallsson (f. 1936) hefur aldrei heyrt um bænhús á Hafralæk og veit ekki hvar það gæti hafa staðið en sagði frá tveimur mannabeinafundum sem hvorugur er líklegur til að vera í tengslum við kristinn grafreit.

Mannsbeinagrind kom í ljós þegar verið var að ýta upp í heimreiðina að Hafralæk, 550



Mynd 55. Staðsetning mannabeinafundar austan við Hafralæk. Mynd af GoogleEarth.

m ANA af bænum og sunnan við heimreiðina. Á þessum stað var sandhóll og beinin í honum en ekkert annað í kring. Beininn voru skilin eftir en svæðinu hefur öllu verið umturnað. Hóllinn var áður mun stærri, bæði hærri og náði lengra til norðurs og vesturs. Bæði var efni tekið úr honum í heimreiðina en líka til að flytja burt. Samkvæmt túnakort frá 1919 lá heimreiðin í gegnum túnið úr þessari átt og því gæti aðkoma að bænum úr austri sem best hafa verið nálægt þeim stað sem beinagrindin.

Önnur mannsbeinagrind kom í ljós þegar verið var að byggja brú sem var forveri ræsisins sem Hafralækur rennur um undir þjóðveginn við Núpsvelli. Hellur voru losaðar í hrauninu norðan við og fannst þá mannsbeinagrind í sprungu. Hún var látin liggja þar sem hún var komin og er því væntanlega þar enn. Þessi staður er væntanlega í landi Garðs og var ekki staðsettur nánar.

Ásgrímur telur að grunsamlegur staður sé skammt norðan við merkin við Ytra Fjall í hlíðinni vestan við bæina, skammt frá götunum sem liggja á ská upp brekkuna. Þar hefur hann merkt af gróðurbreytingum að efni hefur verið mokað til. Við vettvangsathugun 14. júlí fannst ekkert norðan við merkin en hinsvegar er 50 m sunnan við þau haugur, sem mögulega er manngerður, um 50 m sunnan við merkin, í landi Ytra Fjalls. Á merkjum er forn garður en vírgirðing hefur verið á honum til skamms tíma, nú fallin, og hefur sumsstaðar verið hlaðið

undir hana þar sem skörð voru eða dældir í gamla garðinn. Haugurinn er í framhaldi af




Mynd 56. Horft upp hlíðina til suðurs af sneiðingi í áttina að haugi skammt sunnan við merkin milli Hafralækjar og Ytra Fjalls.

sneiðingi sem hefur verið gerður í hlíðina og þar sem hann kemur að merkigardinum er greinilegt hlið og þúst ofan á garðinum vestanmegin. Sneiðingurinn er að mestu í Hafralækjarlandi en fjarar út eftir að komið er í Ytra Fjallsland, áður en komið er að haugnum en hann sést vel þegar gengið er eftir sneiðingnum, alllangt neðan að. Alls ekki er víst að haugurinn sé manngerður en hann er einstakur þarna í hlíðinni og nokkurnvegin reglulega hringlaga þó rof sé komið í hann að norðanverðu og efni hafi sigið niður hlíðina. Hann er 5-7 m í þvermál. Sneiðingurinn er greinilegur langleiðina niður að jafnsléttu og endar á móts við Brúarhóla en brúarstæðið gæti hafa verið rétt norðan við þá þó lækurinn sé raunar tiltölulega jafnbreiður á þessu svæði og auðbrúaður hvar sem er. Sneiðingurinn er algróinn lyngmóa og eingar götur eftir honum nú.

Gamli bærinn í Hafralæk stóð fram undir 1940 og var þar sem eldra íbúðarhúsið er og telur Ásgrímur að bæjarhólnum hafi að mestum hluta verið mokað burt. Allmikil upphækkun er þó sunnan við húsið sem gæti verið leifar hans.

Stór tóft er sunnan í Brúarhól(um?) en brú var á læknum á móts við þar sem göturnar koma niður hlíðina. Ásgrímur segir að alfaraleið hafi fyrrum legið yfir núpinn, en ekki fyrir

hann eins og nú því illfært hafi verið yfir kílinn við Húsabakka, og hefur umferð þá verið



Mynd 57. Afstaða haugsins við landamerkjagarð og götur sem liggja að brúarstæði á Hafralæk. Mynd: © Fasteignaskrá Íslands / Loftmyndir ehf 2009.

talsverð framhjá hinu meinta kumli í brekkunni og yfir brúna hjá þessari tóft sem Ásgrímur veltir fyrir sér hvort gæti verið hestarétt. Gæti þetta verið brúin sem er vestar en Eystri Brú?


Húsavík

Ari Páll Pálsson sagði frá að mannsbeinagrind hafi komið í ljós á bakkanum við hafnargarðinn í Húsavík þegar landfylling og vörukantur voru gerð nyrst í höfninni í sambandi við byggingu Kísilgúrverksmiðjunnar 1966. Talið að einhver frá Þjóðminjasafninu hafi skoðað staðinn í kjölfarið.

Svínadalur í Kelduhverfi

Á Nónmel suðvestan við túnið í Svínadal blés upp mannsbeinagrind 1919 og voru þar lengi mannabein á yfirborði sem voru afhent Þjóðminjasafninu 1961 (Ö-Svínadalur, 2; Kristján Eldjárn 2000, 207). Ekki er alveg víst að um sömu beinin sé að ræða þó það verði að telja

líklegt. Melurinn er blásinn að ofan og talsvert langt niður eftir vesturhliðinni. 20 m vestan




Mynd 58. Afstaða Nónmels, þar sem mannsbreinagrind fannst, við bæjarhól og Kirkjuhól í Svínadal. Mynd af GoogleEarth.

við þar sem hann er hæstur, rétt svo í hvarfi frá bænum er steinaröð, 9 steinar í breiðum boga frá suðri til norðurs og einn steinn til sem myndar 90° horn að norðvestan. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á melnum beinin voru en líklegt verður að telja að steinarnir séu leifar grafarinnar og er þetta mjög sennilegt kumlstæði, um 270 m frá túngarði (ef miðað er við að það sé garðurinn austan við Kirkjuhól sem á við kumlið í tíma) og í hvarfi frá bænum, en jafnframt á stað sem hátt ber og víðsýnt er frá. Minnir á kumlstæði í Saltvík og Daðastaðaleiti.



Mynd 59. Steinaröð á Nónmel, úr norðri.

Kirkjuhóll heitir í túninu í Svínadal, hringlaga gerði með yngri tóft ofan á að norðvestanverðu. Hann er um 15 m norðan við bæjarhólinn en hefur verið um 20 m vestan við gerðið sem sennilega hefur afgirt bæinn á miðöldum en leifar af fornlegu garðlagi liggja í sveig til suðurs frá tóft



Mynd 60. Uppdráttur Stefáns Ólafssonar af túni í Svínadal. 002 er Kirkjuhöll en 001 bæjarstæði frá 19.-20. öld.


mannvirkinu sem sést á yfirborði og er það byggt ofan á V-1717 en sú gjóska er einnig í torfinu. Þar undir er 22 sm af áfokslögum og í þeim bæði V-1477 og H-1300 á sínum stað. 3-4 sm undir H-1300 er mannvistarlag, blendingur af torfhruni með ösku, bæði svartri og bleikri, og viðarkolum auk votts af brenndum beinum en auk þess fannst ein kindartönn. Þetta lag er lagskiptara eftir því sem neðar dregur, og meira af ösku og kolum neðantil í því en ofan, og hefur það að líkindum safnast upp á löngum tíma. Neðst í þessu lagi er um 15-20 sm langur bútur af V~940 sem safnast hefur í dálitla dæld og virðist vera á sínum stað en ekki er hægt að fullyrða um það. Sé svo er mannaferð komin á þessum stað því dældin virðist manngerð og er raunar ofan í mögulegan niðurgröft sem sker efra svarta lagið í LNS. Þessi ummerki eru þó ekki ótvíræð.

Ekkert bendir til kirkju eða grafreits á Kirkjuhóli og er líklegast að örnefnið sé fornleifaskýring frá seinni öldum eftir að föst búseta hófst aftur í Svínadal. Skurðurinn bendir hinsvegar til að byggð hafi hafist snemma í Svínadal en lagst af öðruhvorumegin við 1200, en í heimildum er fyrst getið um skammæja byggð þar um 1660 (JÁM XI, 301). Á 17. og 18. öld er staðurinn kallaður Svínadalssel og haft í seli þaðan frá Ási en síðar (vel fyrir 1840) var


020 og vestan við það er þéttast tóftakraðak í túninu. Á Kirkjuhóli er gerði sem er nánast, en ekki alveg, hringlaga, 20 m frá austri til vesturs en 21 m norður-suður og eru veggir 1,5-2m breiðir og um 0,5 m háir. Op er hvergi skýrt en skörð eru að norðaustanverðu þar sem er gleitt horn á garðinum. Stór þúst eftir mannvirki sem greinilega er yngra en gerðið er inni í því að norðvestanverðu og nær hún yfir garðinn að vestan. 3 dældir eru í hana en ekki er reglulegt tóftalag á henni og hefur sennilega verið sléttað úr henni nóg til að hægt væri að slá hana. 1x1 m skurður var grafinn sunnan við miðju gerðisins, í jaðar yngri tóftarinnar, þar sem vænta mætti veggjar eða veggjamolda hafi torfhús staðið í miðju garðsins.

Í skurðinum sást hleðsla sem tilheyrir

stofnað þar nýbýli sem fór í eyði 1947.



Mynd 61. Gerði á Kirkjuhóli í Svínadal. Yngri rústir eru sýndar með ljósari lit.



Mynd 62. Norðursnið skurðar í Kirkjuhóli. [001]: Gulbrún mold með svörtu gjóskulögum úr LNS. [002]: Gulbrún mold blönduð með mól, situr í niðurgrefti. [003]: Lagskipt mannvistarlag, með linsum af viðarkolum og móösku en meira af torfblendingi ofantil. Neðst er 15-20 sm linsa af V~940, yfir [002] sem gæti verið á sínum stað. Dökk brún fokmold, óhreyfð, með H-1300, V-1477 og yngri gjósku sem gæti verið V-1717, allar á sínum stað. [005]: Torfveggur með V-1717. [006]: Torfhrun. [007]: Grasrót.



Mynd 63. Afstaða Kirkjuhóls við tún, bæjarhól og leiðir á Valþjófsstöðum í Núpasveit.

Valþjófsstaðir í Núpasveit

Bænhús var á Valþjófsstöðum og stóð það enn 1712 (JÁM XI, 327). Í grein um Valþjófsstaðahurðina í Sögu 1954-55 færir Magnús Már Lárusson rök fyrir því að það sé þessi Valþjófsstaðakirkja sem hafi brunnið 1361 (Íslandske annaler, 226) en hann aflaði líka lýsinga á kirkjunni og staðsetningu hennar og prentaði í grein sinni (Magnús Már Lárusson 1967. 152, 193). Ítarlegust lýsing er í bréfi frá Halldóri Stefánssyni frá 24.4.1954: "... Bænhústóftin stóð utan túns, í norðvesturátt frá bænum. Vegalengdina mældi ég í vetur, og reyndist hún 280 metrar. Tóftin sjálf var í einu lagi, en í kring um hana var garður hringmyndaður, og var þannig dálítill blettur grasi groin í kring um sjálft bænhúsið. Sást móta fyrir smáþúfum á þessum bletti, og gátu það verið upphlaðin leiði, en ekki þori ég að fullyrða neitt um það, að svo hafi verið. Það sást móta vel fyrir dyrum á sjálfu bænhúsinu, og hafa þær verið á vesturhlið sunnarlega. En á garðinum sjálfum amen ég ekki eftir, að ég tæki eftir skarði eða hliði. ... Nú er búið að slétta úr tóftarrústunum og gera nýrækt þarna á stóru svæði. En ég veit þó alveg nákvæmlega, hvar belttur sá er, þar sem bænhúsið stóð, og mundi geta leiðbeint þeim, sem vildu kynna sér það einhverra hluta vegan."

Halldór Sigurðsson (f. 1925) benti á staðinn sem er 250 m beint vestur af bæ. Þar er breiður og ávalur hóll, um 2 m hár að vestan og á honum miðjum dálítill bunga, um 5 m í

Þvermál þar sem kirkjutóftin var. Að sögn Halldórs voru upphlaðin leiði í kring um tóftina, einkum sýnileg að sunnan og vestan og náðu niður slakkann á hólnum en ekki að garðinum sem var sveigður, ef ekki hringmyndaður og var mest megnis niðri á flatlendinu neðan við hólinn þó hann hafi líka náð upp á hann að norðvestan. Eftir lýsingum að dæma hefur þessi garður verið allt að 50 m í þvermál og talsvert bil verið milli hans og leiðanna. Sléttað var yfir allt á fimmta áratug 20. aldar með hestaplóg og varð ekki vart neinna mannabeina enda ekki farið djúpt. Ennþá sést fyrir garðinum að norðvestanverðu á vorin og er líklegt að kortleggja mætti kirkjustæðið og garðinn með viðnámsmælingu. Halldór hefur sett niður plaströr sem er í sverðinum og merkir staðinn ef eftir verður grafið.

Áður en Kirkjuhóll var sléttaður var þar lyngmói og þótti góður berjamór en hólinn var líka leiksvæði barna.

Halldór sagði einnig að mannabein hefðu fundist á Brekku og Efrihólum.

Mjög stór kvarnarsteinn, bæði yfir- og undirsteinn (sá efri brotinn og helmingurinn nú týndur) kom í ljós niðri við móhelluna þegar skemma var byggð fast norðan við íbúðarhúsinu sem er í miðjunni af þremur, sennilega um 1945. Þar mun vera norðurendinn á bæjarhólnum en gripir og stórt hvalbein hafa einnig komið í ljós norðar, við gróðurhús austur af nyrsta íbúðarhúsinu, við nýlegan skurðgröft.

Vaðnes í Grímsnesi

Bænhús eða hálfkirkja var í Vaðnesi (DI IV, 95; DI XV, 646) og þegar jörðin var skráð 2001 var Birnu Lárusdóttur bent á tóft um 1 km suður af bænum, langt utan við tún en nálægt Höskuldslæk og líklegri leið að vaðinu á Hvítá sem bærinn er kenndur við. Birna lýsir tóftinni svo í skráningarskýrslu (Birna Lárusdóttir 2001, 87):

Tóftin er sigin og virðist gömul. Nánast hringlaga, stærð 4,5 x 5,5 m. Hæð veggja fer hvergi yfir 0,5 m. Dæld í miðju, innan veggja, mögulegt er að dyr hafi verið í austur eða vestur, eins og skora liggi yfir þvera tóftina frá austri til vesturs. Þessi tóft er almennt kölluð "bænhústóftin" eða "kirkjutóftin". Vitað er að bænhús var í Vaðnesi,... Það verður samt að teljast ólíklegt að bænhúsi hefði verið valinn staður svo langt frá bæ; yfirleitt stóðu þau heim við bæi. Ekki er þó kunnugt um bænhús á öðrum stað í Vaðnesi. Ekki sér móta fyrir garði umhverfis tóftina en suðaustan við hana er nokkuð um aflangar þúfur sem sumir telja að gætu verið leiði. Almennt er þýft umhverfis tóftina og ekki verður ekki úr því skorið án rannsóknar hvort um raunverulegt bænhús sé að ræða. Dæmi þekkjast um að bænhús hafi verið reist á fjölförnum almannaleiðum og vitað er að áður lá aðalleiðin á bæina austan Vaðness, t.d.



Mynd 64. 'Bænhústóft' á Vaðnesi 2001



Mynd 65. Sami staður 2011

Arnarbæli og Kiðjaberg, þarna um. Þá var farið suður með Höskuldslæknum og yfir hann á vaði, líklega þar sem nú heitir Skógarvað (013).

Heimildarmaður fyrir þessu var Kjartan Pálsson (f. 1918, d. 2006) sem var ekki ættaður frá Vaðnesi an hafði búið þar frá 1946. Engin önnur heimild er fyrir því að þessi tóft hafi verið kölluð 'bænhústóft' eða 'kirkjutóft' og þess er ekki getið í örnefnaskrá jarðarinnar (skráð af Skúla Helgasyni 1979, Örnefnasafn SÁM). Ekki er þar heldur getið örnefnisins Kirkjutangi sem hinsvegar er sýnt á kortum og á við valllendið meðfram Höskuldslæk þar sem hann fellur í Hvítá 0,5-1 km sunnan við tóftarstæðið.

Um 20 m norðan við 'bænhústóftina' skráði Birna aðra tóft, grjóthlaðna og unglegri, sem hún taldi vera aðhald, t.d. stekk (bls. 89).

Við vettvangsathugun í Vaðnesi 14. ágúst og aftur 25. sama mánuðar kom í ljós að sumarbústaður hefur verið byggður (2006 eða 2007) þar sem tóftin var og sést ekki til hennar lengur. M.v. hnitið sem tekið var 2001 ætti tóftin að vera 2-3 m VNV við NV horn bústaðarins en þar er nú raskað svæði og gróin hrúga af uppmokstri en af ljósmynd og fjarlægðalýsingum í skýrslunni að dæma hefur tóftin verið talsvert austar, líklega undir malarfyllingu í bílastæði NA við bústaðinn. Ekki er því víst að tóftin hafi verið skemmd við þessar framkvæmdir en ljóst að ekki verður auðvelt að skera úr því, hvað þá að gera á henni rannsókn. Hin tóftin er enn við lýði innan sumarbústaðarlóðarinnar, í horninu sunnan girðingar en austan heimreiðar.

Heiðarbær í Þingvallasveit

Fornleifar í landi Heiðarbæjar voru skráðar sumarið 2004 (með nemendum í HÍ, óútgefin skrá) og var þá m.a. gengið fram á tvær grjóthrúgur á holti sunnan við Vörðulág sem er

sunnan við útihúsin í Heiðarbæ 1. Holtið er um 500 m beint suður af gamla bæjarstæðinu í Heiðarbæ. Um hrúgurnar segir í skráningunni (ÁR-460:013):

Á holtinu suðaustan við lágina eru tvær grjóthrúgur sem báðar eru hrundar við jörð. Þær eru suðvestast og efst á holtinu. Um 15 m eru á milli þeirra. Sýnu minna grjót er í syðri hrúgunni og er sú meira gróin. Stærri grjót er í nyrðri hrúgunni og virðist hún fylla dæld.

Báðar hrúgurnar eru sporöskjulaga og staðsetning þeirra gat rímað við að á holtinu væri kumlstæði. Á það var látið reyna með uppgrefti 25. ágúst 2011. Skurður 1 er í nyrðri hrúguna og skurður 2 í þá syðri. Grafnir voru 30 sm breiðir skurðir í báðar hrúgurnar, frá miðju og út fyrir mögulega brún, en í hvorugum skurðinum sást neitt sem benti til að þessar hrúgur væru neitt annað en vörðubotnar. Skammt er niður á ísaldargrús og engin gjóskulög í jarðvegi. Holtið hefur blásið eins og sést á grónum rofabörðum norðan við hrúgurnar.

Vörður á þessum stað gætu hafa verið hádegismörk frá Heiðarbæ en ljóst er að þetta eru ekki grafir.



Mynd 66. Sú syðri af tveimur grjóthrúgum sem grafið var í á Heiðarbæ 2011, úr austri.

Samantekt og niðurstöður

Margvíslegri þekkingu var safnað með vettvangsrannsóknnum sumarið 2011, jafnt um einstaka staði sem og þá flokka minjastaða sem tengjast greftrun manna.

Sennilegir kumlateigar uppgöftvuðust á Einarstöðum í Þegjandadal og við Víðatóft við Mávratn. Á síðari staðnum hafa áður fundist mannabein sem aldursgreining bendir til að séu afar gömul og styður það túlkunina. Báðir þessir staðir myndu flokkast sem nærkuml, rétt utan við túngarð, en á Einarstöðum byggir það á tilgátu um færslu túngarðsins.

Á Raufarhóli tókst að staðfesta að kumlið þar er í raun nærkuml því á hólnum er skáli frá víkingaöld sem einsætt er að tengja kumlið við. Það á með öðrum orðum ekki við bæjarstæðið í Vindbelgi og má vel vera að fleiri dæmi séu um þetta í Kuml og haugfé – að kumlin eigi í raun við yfirgefin bæjarstæði en ekki núverandi lögbýlisjarðir.

Rýrari og ógleggri ummerki eru í Svínadal og á Þyrilshóli. Á fyrrnefnda staðnum hafa einnig fundist mannabein en aldur þeirra er ekki þekktur. Einkenni (og einkennaleysi) þessara staða eru svipuð. Í báðum tilfellum eru steinaraðir utan í mel sem veit frá bænum og í hvarfi frá honum en þó innan við 100 m frá túngarði. Ekkert leyfir þó að slá því föstu að á þessum stöðum hafi verið kuml þó að það sé vel líklegt.

Í túni Arnarvatns í Mývatnssveit hefur fundist spjót og er staðsetning þess fundar nú nokkurnvegin þekkt. Ef spjótið er úr kumli þá hefur það haft áþekk staðsetningareinkenni og kumlið á Gautlöndum í sömu sveit. Á Öndólfstöðum virðist maður hafa verið grafinn í túni án þess að þar væri kirkjugarður. Það gæti hafa verið kuml en fleiri dæmi eru um stakar mannsbeinagrindur án haugfjár í túnum, t.d. á Ytri Neslöndum í Mývatnssveit og gæti þetta verið flokkur út af fyrir sig. Sama á við um mannabeinafundir á Halldórsstöðum, Hafralæk og Húsavík. Þeir eru heldur fjær bæ en staðirnir í Svínadal og á Þyrilshóli en þó ekki nálægt merkjum og eru líklega fulltrúar nokkuð stórs flokks grafa sem ekki hafa kristin einkenni en geta ekki talist trygg kuml heldur. Ekki hefur fengist skýr vitneskja um mannabeinafundir í landi Garðs í Aðaldal en af lýsingum að dæma gæti hann frekar flokkast sem huslun frá seinni öldum. Eini staðurinn sem kæmi til greina sem fjærkuml er dysin hjá merkjum milli Ytra Fjalls og Hafralækjar en frekari rannsókn þarf til að staðfesta hvort það sé í raun greftrunarstaður.

Grafið var í nokkrar dældir (á Hofstöðum og Eystri Brú), þúfur (Eystri Brú) og grjóthrúgur (Heiðarbær) sem ekki reyndust vera grafir. Sú reynsla bendir til að hægt verði að afmarka býsna nákvæmlega hverskonar vegsummerki benda til grafa og hverskonar ekki.

Kristnir grafreitir eru á Hólum í Reykjadal og Daðastaðgerði. Á Hólum hefur kirkjugarðurinn verið hringlaga og á báðum stöðunum eru garðarnir í túni ekki langt frá bæjarhúsum, á Hólum örugglega við heimreið. Á Einarstöðum í Þegjandadal var grafið í meintan kirkjugarð sem hefur öll yfirborðseinkenni slíkra staða. Þar fundust hinsvegar engar grafir og ekki hafa heldur fundist grafir í sambærilegu gerði á Ingiríðarstöðum. Það afsannar ekki að þessi gerði séu kirkjugarðar – og er í raun erfitt að benda á aðrar líklegri skýringar á þeim – en frekari rannsókna er þörf til að skilja þessa staði. Vera má að greftrun hafi aðeins verið þar um mjög skamma hríð en athygli vekur að þessir garðar ásamt sambærilegum á Brettingsstöðum í Laxárdal eru sýnu minni að þvermáli en kirkjugarðar t.d. á Hofstöðum og í Saltvík. Það vekur upp spurningar um hvort nota megi stærð kirkjugarða til að varpa ljósi á t.d. aldur þeirra eða notkun.

Mjög óvenjulega staðsettur kirkjugarður var skráður á Valþjófsstöðum í Núpasveit en af lýsingum að dæma hefur hann verið mjög stór. Ekki tókst að skera úr um meint bænhus úti í móa á Vaðnesi í Grímsnesi þar sem búið er að byggja á tóftinni.

Grafið var á nokkrum stöðum þar sem örnefni benda til kirkna og reyndist hvergi vera kirkja. Kirkjubúfur á Stöng í Mývatnssveit, Kirkjulág á Hólum í Reykjadal og Kirkjuhóll í Svínadal í Kelduhverfi draga öll nöfn sín af einhverju öðru en að þar hafi verið kirkja. Kirkjulág er þó í grennd við kirkju og gæti vísað til leiðar að kirkjunni eða ítaks sem henni tilheyrði en hin nöfnin virðast fremur vera fornleifaskráringar (Kirkjuhóll) og ef til vill spaug (Kirkjubúfur). Einnig var grafið í þrjú hringlaga eða sporöskjulaga gerði, í og utan við tún, sem ekki höfðu neina sýnilega tóft í miðju. Hvorki á Höfðagerði (tveir staðir) né Eystri Brú reyndust þessi mannvirki vera kirkjugarðar. Á Eystri Brú var grafið í tóft með garðhverfu utanum sem er á kirkjulegum stað utaní bæjarhólnum en ekki tókst að skera úr um notkun hennar.

Meginniðurstöður vettvangsránnsóknanna sumarið 2011 eru að ekki virðist vera mikil breidd í tegundum yfirborðsummerkja sem benda til grafreita. Dældir og holur eru sennilega ekki grafir nema þær séu aflangar, 1,5-2 m langar og með kraga eftir uppmokstur. Yfirborðsummerki kumla sem ekki hafa verið rofin eru eftir sem áður ekki þekkt. Kirkjuörnefni eru ekki ávísun á kirkju, og gerði í kirkjugarðastærð og á kirkjugarðalegum stöðum þurfa ekki að vera kirkjugarðar. Stakir mannabeinafundir í túnum þurfa ekki að benda til kirkjugarða en slíka fundi, hvort sem þeir eru í túnum eða utan túns, er ennþá erfitt að flokka. Til að leita frekari skilnings á þeim þarf tvennt: annarsvegar aldursgreiningar á beinunum og hinsvegar stærra gagnasafn sem gerði kleift að greina staðsetningareinkenni slíkra funda. Margt bendir til að þau einkenni séu svipuð og kumla en það er þó ekki víst.

Hvað varðar framhald verkefnisins má orða niðurstöðurnar þannig að ólíklegt sé að athuganir á slembiúrtaki af almennt grunsamlegum stöðum skili miklum árangri og að þess meiri ástæða sé til að leggja áherslu á að afla sem mestra gagna um áreiðanlega mannabeinafundarstaði. Enn gæti þó sýnt sig að það væri gagnlegt að skoða staði þar sem gripir sem gætu verið haugfé hafa fundist og einnig þarf að þróa betur aðferðir til að bera kennsl á yfirborðsummerki um kirkjur þar sem mannabein hafa ekki fundist.

Vettvangsrannsóknirnar sumarið 2011 skiluðu til viðbótar ýmiskonar byggðasögulegum og menningarsögulegum upplýsingum. Vísbendingar fundust um mjög forna byggð í Svínadal og jafnframt að sú byggð hafi lagst af mjög snemma. Svínadalur er því í flokki með Hríshheimum, Sveigakoti og mörgum fleiri stöðum í Mývatnssveit sem byggðust fyrir 900 en fóru í eyði fyrir 1300. Í sama flokki er Raufarhóll í Mývatnssveit en byggðin þar hefur verið mjög skammæ, lögð af löngu fyrir 1104. Minna kemur á óvart að byggð hefur hafist löngu fyrir 1104 á Hólum í Reykjadal en á Eystri Brú eru merki um mannvist fram á 16. öld og gæti það bent til að bæir hafi verið að fara í eyði mun síðar á láglendi en uppi í Mývatnssveit þar sem mest hefur verið tímasett af eyðibygðum. Mögulegt er þó að yngstu ummerkin í skurðinum á Eystri Brú séu eftir sel eða annarskonar nytjar frá öðrum bæ og þyrfti umfangsmeiri rannsókn til að skera úr um það. Eitthvað svipað gæti hafa verið uppi á teningnum á Stöng í Mývatnssveit en þar eru mannvistarlög frá því milli 1477 og 1717. Hvort sem þau lög tengjast heilsársbyggð eða annarskonar nýtingu þá koma þau á óvart því Stöng er nýbýli frá 19. öld sem virðist hafa verið byggt á fornu gerði frá miðöldum.

Í öðru gerðanna sem grafið var í í Höfðagerði fundust arðför af sama tagi og þau sem grafin hafa verið upp á Ingiríðarstöðum á Þegjandadal. Gerðið er með aðra lögun og mun nær bæ en á Ingiríðarstöðum en þessi niðurstaða sýnir hvernig megi túlka gerði sem þessi, en þau er víða að sjá á eyðibýlum á Norðausturlandi. Annarskonar ummerki sáust í hinu gerðinu í Höfðagerði og gerðinu á Eystri Brú en á báðum þessum stöðum eru ummerkin svo áþekkt að ætla má að þessi gerði hafi haft samskonar hlutverk. Hvort það tengist ræktun eða skepnuhaldi þyrfti hinsvegar ítarlegri rannsóknir til að skera úr um.

English summary

This report presents the results of fieldwork carried out in the summer of 2011 as a part of the Rannís funded project *Death and burial in Iceland for 1150 years*. The aim was to develop the analytical tools for identifying and classifying burial sites in Iceland. A number of different site types were selected (listed in the table on pp. 7-8) and 24 trenches were dug at 12 sites. At a further 7 sites no intervention was required and 2 sites of human bone finds are reported here which have yet to be visited.

Two likely pagan cemeteries were identified, at Víðatóft by Mátvatn and Einarstaðir in Þegjandadalur, while three, at Arnarvatn, Svínadalur and Þyrilshóll can be suggested more tentatively. A number of human bone finds were located (Öndólfstaðir, Halldórsstaðir, Hafralækur, Garður, Húsavík). In all cases a Christian cemetery can be ruled out but apart from that their nature remains enigmatic and will require further research.

Christian cemeteries were identified at Daðastaðgerði and Hólar and an unusually situated church – outside the homefield – was located at Valþjófsstaðir in Núpasveit. A trench in what looks like a church in a churchyard at Einarstaðir revealed no graves, a result comparable to a similar looking feature in neighbouring Ingiríðarstaðir. It is still thought that the interpretation of these structures as churches is the most feasible and that they may either not have been used for burial or that the burials are so few that test trenches will not necessarily reveal them. This clearly calls for more research.

Many of the interventions produced negative results helping to refine the models of burial location and burial identification.

The trenches also produced information about settlement patterns. Two sites (Raufarhóll and Svínadalur) were added to the group of Viking Age sites with early abandonment dates while the results from Eystri Brú in Aðaldalur may indicate that small farms held on longer in the lowlands than in highland regions like Mývatnssveit. Early occupation of the farm Hólar in Reykjadalur comes as no surprise but evidence was found of a previously unknown 16th-17th century human presence at Stöng in Mývatnssveit.

Ard marks, identical to those previously found at Ingiríðarstaðir, were exposed in an enclosure in Höfðagerði, while a different enclosure there and another one at Eystri Brú have deposits which may relate to either cultivation or animal penning. In any case they are deposits amenable to characterisation with e.g. micromorphological methods, giving hope that these enigmatic structures may yet be understood.

Heimildir

Adolf Friðriksson 2004a, 'The Topography of Iron Age Burials in Iceland.' *Current issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st conference of Nordic Archaeologists 6-9 September 2001 Akureyri Iceland*, Reykjavík, 15-16.

Adolf Friðriksson 2004b, 'Haugar og heiðni. Minjar um íslenskt járnaldarsamfélag.' *Hlutvelta tímans*, 56-63.

Adolf Friðriksson 2009, 'Social and symbolic landscapes in Late Iron Age Iceland.' *Archaeologia islandica* 7, 9-21.

Adolf Friðriksson ritstj. 2009, *Kuml á Daðastaðaleiti í Reykjadal*, FS412, Reykjavík.

Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson 2011, 'Landscapes of burial. Contrasting the pagan and Christian paradigms of burial in Viking age and medieval Iceland.' *Archaeologia islandica* 9, 50-64.

Aldred, Oscar & Adolf Friðriksson 2003, *Archaeological Assessment. Höfðagerði, Núpar 2002*, FS207, Reykjavík.

Aldred, Oscar 2004, *Archeological Excavations, Höfðagerði, Núpar 2003*. Framvinduskýrsla, FS227, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir 2001, *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II*, FS138, Reykjavík.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1853-1976.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 1998, *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi II*, FS049, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir ritstj. 2008, *Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi II (Öxnadalshreppur)*, FS370, Reykjavík.

Garðar Jakobsson 1993, 'Eyðibýli í Reykjadal.' *Árbók Þingeyinga* 1993, 104-19.

Guðný Zoëga & Guðmundur St. Sigurðarson 2010, 'Skagfirska kirkjurannsóknin.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 2010, 95-116.

Islandske annaler indtil 1576, G. Storm ed, Christiania 1888.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 11. bindi, Kaupmannahöfn 1943.

Magnús Már Lárusson 1967, *Fróðleikspættir og sögubrot*, Reykjavík.

Orri Vésteinsson 1996, *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I*, FS022, Reykjavík.

Orri Vésteinsson ed. 2011, *Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartárvot 2010*, FS454, Reykjavík.

Roberts, Howell M. 2009, *Archaeological Excavations in Þegjandadalur 2008-2009*, FS424, Reykjavík.

Sigurður Þórarinnsson 1976, 'Þáttur af Þegjandadal.' *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. desember 1976*, Reykjavík, 461-70.

Stefán Ólafsson 2008, *Fornleifaskráning í Kelduneshreppi*, FS392, Reykjavík.

Stefán Ólafsson 2011, 'Kirkjur og bænhús í Reykhólahreppi, Geiradalshreppi, Gufudalssveit og Múlahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu 2011*, 125-35.



Fornleifarannsóknir í Suður-Píngeyjarsýslu sumarið 2011

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

INNGANGUR

Dagana 11. og 12. júlí 2011 var farin vettvangsferð á alls átta minjastaði í Suður-Píngeyjarsýslu, þ.e. Raufarhól við vestanvert Mývatn, Kirkjulág, Hóla og Öndólsstaði í Reykjadal, Eystri Brú og Höfðagerði í Aðaldal og Skútustaði og Stöng við sunnanvert Mývatn. Markmiðið var að aldursgreina fornminjar með hjálp gjóskulaga. Skoðuð voru jarðvegssnið á öllum ofangreindum stöðum, gjóskulög greind og afstaða þeirra til fornminja könnuð. Gjóskusýni voru tekin til frekari skoðunar.

Rannsóknir hafa sýnt að talsvert er af gjóskulögum í jarðvegi á Norðausturlandi sem koma að notum við aldursákvarðanir fornminja. Þau gjóskulög sem mest hefur verið stuðst við eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V~940, H-1104, H-1158, V-1159, K-1262, H-1300, V-1410, V-1477 og V-1717. Í Mývatnssveit er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) skýr en í henni koma fyrir allt að sex dökk gjóskulög sem mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Yngsta lagið í LNS er V~940. Þykkt LNS er á bilinu 6-10 cm (Sigurður Þórarinnsson 1968, Guðrún Larsen 1982; 1984; 1992, Árni Einarsson *et al.* 1988, Karl Grönvold *et al.* 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1998; 2011, Magnús Á. Sigurgeirsson *et al.* 2002; 2008).

NIÐURSTÖÐUR

Raufarhóll við Mývatn


Snið var mælt í suðurbakka skurðar í skála (við austurenda sets). Einnig var skoðað og mælt snið í könnunarholu í laut eða dokk um 30 m norðan skálans. Mannvistarlög sáust ekki þar (mynd 1). Um 2-3 cm ofan torfhruns í skálanum mátti greina gjóskulagið H-1104/eða H-1158. Nýlegar athuganir benda til að líklegra sé að um H-1104 sé að ræða fremur en H-1158 (MÁS, óbirt gögn). Um 3,5 cm ofar var H-1300 (staðfest með smásjárskoðun). Í torfhruninu má sjá lög LNS, þar með talið V~940. Segja má því með nokkurri vissu að skálinn sé frá seinni hluta 10. aldar.

(Hnit: N65° 37.563', V17° 01.183')

Stöng

Skoðað var snið í meinta tóft skammt norður af bæjarhúsum á Stöng. Stórir steinar (að öllum líkindum aðfluttir) liggja ofan á gjóskulaginu V-1477. Miklar frosthreyfingar hafa verið á jarðveginum, sem sést vel á gjóskulögunum Heklu-3 og LNS, sem eru röskuð. Aðeins smáslitrur sjást af LNS. Gjóskulagið V-1477 er hægt að rekja í sniðinu en er þó slitrótt og misþykkt. Ofan á því er uppmokstur. Mögulegt V-1717 er neðst í grasrótinni á 6-7 cm dýpi, til þess bendir smásjárskoðun. Um 3 cm neðar kemur rót/rask. Snið var ekki teiknað. Út frá gjóskulögum má draga þá ályktun að meint mannvirki/rask á þessum stað sé frá tímabilinu 1480-1700.

(Hnit: N65° 33.786', V17° 14.263')



Mynd 1. Snið frá Raufarhóli við Mývatn.

Kirkjulág í Reykjadal

Mælt var snið í utanverðri tóft (tveir skurðir voru grafnir í tóftina). Neðan við grasrót er hreifð torfblandin mold. Gjóskulagið V-1477 er á 0,5 m dýpi, 2-3 cm þykkt. Undir því er hreifð mold með torfi, koli og ljóleitum mannvistarlögum. Einnig eru þar slitur af Heklu-3. Á 1 m dýpi má sjá slitur af LNS. Steríl mold er þar undir (mynd 2).

Í skurði í innanverðri tóft, í vegg, sést V-1477 um 5-falt í veggjatorfinu. Gjóskulagið V-1717 er ekki sjáanlegt yfir veggnum. Jarðvegur er mjög maðksmogninn. Þarna eru greinilega minjar bæði yngri og eldri en V-1477.


(Hnit: N65° 43.312', V17° 21.951')

Hólar í Reykjadal, bænhús og grafreitir

Skoðað var snið í garð sem liggur upp á hól skammt norðan vegar að Hólum. Undir torfi er LNS heillleg á kafla og ofaná kemur mokstur með slitrum af Heklu-3. Yfir hruni úr garðinum, beggja vegna, er gjóskulagið V-1477. Önnur gjóskulög sjást ekki. Efstu 25 cm jarðvegsins eru mjög maðksmognir. Hekla-3 og 4 sjást neðan LNS í sniðinu. Garðurinn er klárlega frá því löngu fyrir 1477.

Skoðað var í holu um 5 m sunnan við veginn, ~5 m frá þurru farvegi Reykjadalsár (mynd 2). Mannvistarlög eru frá því nokkru ofan V-1477 niður að LNS. Hekla-1 og H-1158 eru mögulega til staðar. Smásjárskoðun á sýni úr lögunum leiðir í ljós að um súra fínkorna gjósku er að ræða. Telja má víst að um Heklulögin sé að ræða. Merki um gröft og rót eru á 10 cm bili, á milli ljósu Heklulaganna og LNS (sem er mjög rofin).

(Hnit: N65° 43.272', V17° 21.806')



Mynd 2. Snið frá Kirkjulág, Hólum og Öndólfstaðum í Reykjadal.

Öndólfstaðir í Reykjadal



Skoðað var snið um 3 m norðan við heimreið að bænum, við túngirðingu og skammt frá hliði. Efri hluti sniðsins, um 35 cm, er mjög maðksmoginn. Stuttu neðar mátti sjá tvö dökk gjóskulög (sýni tekin). Slitrur af LNS eru á 80 cm dýpi og á 85 cm er Hekla-3 (mynd 2). Smásjárskoðun á sýnunum bendir til að efra lagið geti verið V-1477 og það neðra H-1300. Merki um mannvist eru á milli V-1477 og H-1300 og einnig þar fyrir neðan, niður að LNS.

(Hnit: N65° 44.857', V17° 23.059')

Eystri Brú í Aðaldal

Skoðað var snið á N-gafl á unglegri tóft á Eystri Brú (skammt frá Laxá). Tvö dökk gjóskulög eru í sniðinu, yfir grjóthleðslu í miðju sniði (mynd 3). Samkvæmt smásjárskoðun er efra lagið líklega V-1477 og telja má víst að það neðra sé H-1300. Mannvistarlög eru undir grjótinu, niður undir Heklu-3. Um 2 cm þykk steril mold er næst ofan á Heklu-3. Lög LNS sáust ekki, hafa líklega lent í raski. Ljóst er að undir unglegri tóft eru eldri mannvistarleifar, frá því vel fyrir 1300 að minnsta kosti.

(Hnit: N65° 54.030', V17° 25.065')



Mynd 3. Snið frá Eystri Brú og Höfðagerði í Aðaldal.

Höfðagerði í Aðaldal

Skoðuð voru tvö snið í Höfðagerði, annars vegar í skurði um 10 m sunnan girðingar, sem er umhverfis sumarhús, og hins vegar í holu inni í hringlaga gerði skammt vestar. Í fyrrnefnda sniðinu komu fram gjóskulögin V-1477 og H-1300. Undir H-1300, niður í botn holu er raskaður/rótaður jarðvegur með slitrum af Heklu-3 og einnig LNS neðan til. Meint plógför eru í botni holu (mynd 3). Í hinu sniðinu, inni í gerðinu, er Hekla-3 í botni og efri mörk LNS um 10 cm ofar (skörp). Lífrænt lag tekur við þar næst fyrir ofan og síðan samfelld mannvistarlög til yfirborðs. Engin gjóskulög eru sjáanleg í sniðinu. Möguleg skýring er sú að torf hafi verið stungið þarna eftir 1477, en unleg torfhleðsla er sjáanlega inni í gerðinu. Um 32 cm eru niður á óhreift og 38 cm niður á Heklu-3.

(Hnit: N65° 55.663', V17° 26.511')

Skútustaðir – sorphaugur (svæði H)

Mælt er snið í Vesturbakka gryfju-H. Sniðið er samsett, efstu ca. 60 cm eru mældir í SV-horni en neðri hlutinn um 1,5 norðar í vesturbakkanum (mynd 4). Mannvistarlög eru í öllu sniðinu niður að efri mörkum LNS. Í sniðinu koma fram ýmis þekktanleg gjóskulög, s.s. V-1717, V-1477, H-1300 og í botni eru lög LNS. Rýnt var sérstaklega í elstu mannvistarlögin í von um að finna

hámarksaldur þeirra. Lög LNS eru ágætlega varðveitt, undir mannvistarlögunum. Efst í LNS er grágrænt 1-2 cm þykkt gjóskulag. Lagið er nokkuð raskað en er þó sæmilega heillegt. Mannvistarlögin liggja næst ofan á þessu lagi. Við nánari skoðun og samanburð við önnur snið má telja næsta víst að þetta gjóskulag sé svonefnt V~940. Undir því er örþunnt grænleitt lag sem líklega er Landnámslagið frá um 870 e.Kr. Sé þessi greining rétt, eru elstu mannvistarlögin (sorplög) frá því um 940 eða litlu síðar. Skoðað er í A-V bakka gryfjunnar við hnit; 504/120-121. Efstu 10 cm eru grasrót. Gjóskulagið V-1717 er ekki sjáanlegt, líklega rofið burtu. Gjóskulagið V-1477 er á 95 cm dýpi. Um 2,5 cm undir V-1477 er 0,5 cm þykkt dökkt gjóskulag og 22 cm undir því er ljóst 1-2 mm þykkt gjóskulag í ljósleitu moldarlagi. Það má sjá um 50 cm kafla í sniðinu (var einnig hægt að rekja í fleti að sögn grafara). Um 10 cm neðan ljósa gjóskulagsins er óhreift rauðoxað gjall. Víst má telja að um Heklugjóskuna H-1104 eða H-1158 sé að ræða.

Mynd 4. Snið frá Skútustöðum.

Skoðað er í litla holu stuttu sunnan gryfju H. Þar mátti sjá þunnt grófsendið gjóskulag á 15 cm dýpi og þar fyrir neðan er að minnsta kosti 70 cm þykkt sorplag (ekki grafið dýpra). Gjóskulagið liggur um 55 cm yfir grjóthleðslu sem væntanlega tilheyrir einhverju mannvirki. Líklega er um gjóskulagið V-1717 að ræða (sýni skoðað). Gjóskulagið V-1477 er mögulega á 67 cm dýpi neðan grófu gjóskunnar og rétt ofan þess er þunnt dökkt gjóskulag. Afstaða gjóskulaganna til hvers annars líkist mjög því sem er í gryfju H. Líklegt verður að telja að grjóthleðslan sé frá seinni öldum, 16.-17. öld, en grafa þarf hana betur fram til að fá það staðfest.
(Hnit: N65° 33.953', V17° 01.980')

HELSTU HEIMILDIR

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatal í Syðrirlóa. Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. J Volcanol. Geotherm. Res. 22: 33-58.
- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágrip, Veggspjalda-ráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. Earth and Planetary Science Letters 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. Archaeologia Islandica 1: 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulaga-rannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágrip erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Árni Einarsson 2008: Gjóskulög frá 700-1250 e.Kr. í botnseti Mývatns. Í: Archaeological investigations at Sveigakot 2006 (ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson). Fornleifastofnun Íslands, FS376-00217.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2011. Gjóskulagarannsókn. Archaeological investigations in Mývatnssveit, Reykjadalur and Svartáarkot 2010 (ritstjóri, Orri Vésteinsson (ritstjóri). Fornleifastofnun Íslands FS454-02264.

Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.

